



Heit og ljúffeng

PIZZA

HAFNARSTRÆTI 7 · 456 3166

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is

www.ibudalan.is

Nýtt símanúmer Landsbankans á Ísafirði er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 28. september 2005 · 39. tbl. · 22. árg.



Glæsilegur flugturn formlega tekinn í notkun

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra tók hinn nýja flugturn í notkun. Með honum standa Guðbjörn Charlesson (t.v.) og Þorgeir Pálsson. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Nýr og glæsilegur flugturn var formlega tekinn í notkun við hátíðlega athöfn á Ísafjarðarflugvelli á laugardag. Meðal gesta voru sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum, þingmenn, flugmenn á Ísafirði, starfsmenn Flugmálastjórnar og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sem klippti á borða og

tók þannig hinn nýja flugturn formlega í notkun. Séra Stína Gísladóttir blessaði mannvirknið sem talið er að muni auka flugöryggi á svæðinu. Meðal þeirra sem tóku til máls við vígsluna voru auk samgönguráðherra þeir Guðbjörn Charlesson, umdæmisstjóri Flugmálastjórnar á Ísafirði, Halldór Halldórs-

son, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri. Ræddu þeir meðal annars um mikilvægi innanlandsflugs á Íslandi og nauðsyn Reykjavíkurflugvallar í því sambandi. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar veitti byggingarleyfi fyrir flugturninum í ágúst árið 2002 og var upphaflega ráð-

gert að hann yrði tilbúinn fljótlega á árinu 2003 en af ýmsum ástæðum hefur framkvæmdin tafast, bæði á útboðsstigi og á framkvæmdastigi. Í byrjun ágúst 2004 var sagt að turninn yrði tekinn í notkun á næstu vikum, líklega í september. Þið varð þó á því, aðallega vegna anna tæknimanna Flugmálastjórnar.

Nýi flugturninn þykir glæsilegur en hann er sambyggður húsi Flugmálastjórnar á Ísafjarðarflugvelli og setur sterkan svip á flughlaðið. Kol og salt ehf. sá um hönnun turnsins en verktaki við byggingarframkvæmdirnar var Ágúst og Flosi ehf.

— halfdan@bb.is

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar kaupir hjólbarðadeild Bílaverkstæðis Ísafjarðar

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar hefur keypt hjólbarðadeild Bílaverkstæðis Ísafjarðar og var samningurinn undirritaður um helgina. „Við eigum hjólbarðadeildina frá og með deginum í dag. Við ætlum að bæta úrvalið og reyna að sinna viðskiptavinum enn betur en við gerum nú“, sagði Guðmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Hjólbarðaverkstæðis Ísafjarðar, þegar við

hann var rætt á mánudag. Fyrirtækið er nú eina hjólbarðaverkstæðið á Ísafirði en þrír aðilar í Ísafjarðarbæ og einn í Súðavík veita slíka þjónustu. „Kaupin leggjast mjög vel í okkur en við ætlum að reyna halda lága verðinu á dekkjunum og sama verð verður á þjónustunni, en það hefur haldist óbreytt frá árinu 2004,“ segir Guðmundur.

— thelma@bb.is



Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar.

Samkaup úrval

Samkaup úrval

OPIÐ:

virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21

Verið velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

líðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tenglaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubrotningu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur miðaður bæði starfsmanna og hláðgjafa að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

Íslandsflug 2 · 104 Reykjavík · Sími 525 1000 · Fax 525 1009 · www.eimskip.is

Jazzband Villa Valla með tónleika í Kjallaranum í Bolungarvík

Jazzband Vilbergs Vilbergsson, sem betur er þekktur sem Villi Valli, leikur í Kjallaranum í Einarshúsi við Hafnargötu í Bolungarvík á föstudagskvöld. Húsið opnar klukkan 22 og verður jazzinn leikinn til miðnættis, en húsið verður opið fram á nótt. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. „Þennan tónlistarviðburð í sögufrægasta húsi Bolvíkinga getur engin látið fram hjá sér fara“, segir í tilkynningu frá aðstandendum tónleikanna.

– halfdan@bb.is

Rafmagnslaust á Ísafirði



Rafmagnslaust var um nokkra stund á Ísafirði skömmu fyrir hádegi í gær. Að sögn Kristján Haraldssonar Orkubússtjóra varð bilun í svokallaðri Vesturlínu, en þegar rætt var við hann var óvíst hvað nákvæmlega fór úrskeiðis. Líklegt var þó talið að ísing ætti sök að máli. Rafmagn komst á aftur um klukkan tólf á hádegi.

– eirikur@bb.is

Vigdís Finnbogadóttir flytur ávarp á Flateyri

Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi Forseti Íslands mun flytja ávarp á minningardagskrá sem haldin verður í íþróttahúsinu á Flateyri 26. október þegar minnst verður þess að tíu ár verða liðin frá því er snjóflóðið mikla féll á þorpið. Þetta kemur fram í bréfi sem undirbúningsnefnd minningardagskránnar sendi bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Það er Minningarsjóður Flateyrar sem stendur að dagskránni og á hans vegum hefur undirbúningsnefndin starfað.

Í bréfinu kemur fram að kirkjan á Flateyri verði opin öllum þennan dag sem þangað vilja koma og eiga þar ljóðlata bæna- og minningarstund. Í íþróttahúsinu hefst síðan dagskrá kl. 20. Þar verður flutt tónlist, meðal annars frum-



Lögreglustöðin á Ísafirði.

Mikið um umferðaróhöpp í hálfu síðustu viku

Mikið var um umferðaróhöpp í síðustu viku og má sjálsagt kenna skyndilegri hálfu þar um. Um miðjan dag á fimmtudag fór fólksbíl út af Hnífsdalsvegi og hvolfdi í vegkantinum og skemmdist mikið. Örfáum mínútum síðar fór annar bíll út af í Botnsdal í Súgandafirði en skemmdist lítið. Þá um kvöldið varð svo þriðja óhappið þegar bíll fór út af veginum rétt fyrir innan Suðureyri á Súgandafjarðarvegi. Var bíllinn mikið skemmdur eftir óhappið. Snemma morguns daginn eftir missti svo ökumaður á Pollgötu á Ísafirði stjórn á bíl

sínum með þeim afleiðingum að hann rakst utan í grjótgardinn í vegkantinum og skemmdist bíllinn mikið. Skömmu síðar varð árekstur á Suðurgötu á Ísafirði þar sem tvær bifreiðar rákust saman og var tjón nokkuð á bilunum. Um miðjan dag skulu svo tvær bifreiðir saman á Skutulsfjarðarbraut við gatnamót Árhólts og skemmdust bílar þó nokkuð. Mikil mildi má teljast að engan skuli hafa sakað í neinu af ofantöldum umferðaróhöppum.

Um miðjan dag á föstudag hafði lögregla afskipti af ökumanni í miðbæ Ísafjarðar

sem grunaður var um ölvunaraktstur. Einn maður gisti fanga-geymslur lögreglunnar á helginni, aðfarannótt laugardags, en hann hafði verið handtekinn í miðbæ Ísafjarðar fyrir óspektir og ölvun á almannaferi. Var hann látinn sofa úr sér í fangaklefa lögreglunnar og sleppt þegar af honum var runnið og hann hafði róast. Sömu nótt þurfti lögregla að hafa afskipti af nokkrum 15-16 ára unglingum sem voru undir áhrifum áfengis. Var þeim ekið heim og verða afskiptin tilkynnt Skóla- og fjölskylduskrifstofu í samræmi við laganna bókstaf.

Í vikunni sem leið hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af 7 bifreiðum sem ekki höfðu hlotið skoðun og einu óskráðu bifhjól. Þá var 16 ára unglingur tekinn á bíl, en eins og gefur að skilja var unglingurinn próflaus. Bíllinn sem hann ók var ekki skráð æfingaöku-

tæki og farþegi í bílnum var ekki samþykktur leiðbeinandi. Loks vill lögreglan enn og aftur hvetja foreldra til að framfylgja útivistarreglum og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi unglinga.

– eirikur@bb.is

Geirmundur stýrir sveiflunni í Bolungarvík



Geirmundur Valtýsson.

Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson leikur ásamt hljómsveit sinni á dansleik í Bolungarvík á laugardag. Sætaferðir verða til Bolungarvíkur á vegum Stjörnuþíla og er nauðsynlegt að panta far í sínum 456-3518 eða 893-6356. Miðapantanir fara fram í síma 456-7909 og 862-2221. Miðaverð er 2.000 krónur. Þá er hægt að fá allar frekari upplýsingar um dansleikinn

með því að senda tölvupóst á netfangið haukur@vagnsson.com.

„Þeir sem mættu síðast þegar Geirmundur spilaði í Bolungarvík muna ennþá eftir stuðinu og stemmingunni sem var alveg frábær. Geirmundur leikur tónlist sem kemur öllum aldurs-þópum í rétta girnin“, segir Haukur Vagnsson skipuleggjandi dansleiksins.

– halfdan@bb.is

samin tónlist sem tengist atburðinum 26. október, ljóð verða lesin og sóknarpresturinn séra Stína Gísladóttir mun flytja bæn auk ávarps frá Vigdísar sem áður er getið.

Að dagskránni lokinni verður boðið upp á kaffiveitingar. Á göngum íþróttahússins og í sal munu hanga uppi ljósmyndir Páls Öundursonar af mannlífi á Flateyri síðasta áratug.

Minningarsjóður Flateyrar var stofnaður haustið 1996 og hafa verkefni sjóðsins verið að reisa minningarstein um þá sem létust í snjóflóðinu, skipuleggja kyrrðar- og minningarstundir í Flateyrarkirkju 26. október ár hvert frá 1996 og síðast en ekki síst að sjá um framkvæmdir við Minningargarðinn á svæðinu milli kirkju-

garðsins og Tjarnargötu en þeim er nú að mestu notið. Minningarsjóðurinn óskar eftir því að Ísafjarðarbær standi straum af kaffiveitingum og að móttaka og kostnaður vegna komu frá Vigdísar

verði á vegum bæjarins.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti þátttöku í dagskránni og einnig að veita styrk til hennar að upphæð 245 þúsund krónur.

– hj@bb.is

Sunnukórinn

Söngæfingar Sunnukórsins hefjast þriðjudaginn 4. október kl. 20 í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði. Skemmtileg vetrardagskrá framundan fyrir þá sem hafa gaman af að syngja. Sunnukórinn samanstendur af hressu og söngglöðu fólki á öllum aldri sem tekur ávallt vel á móti nýjum félögum.

Stjórnin.



Ísafjarðarbíó.

Alþjóðlegri kvikmyndahátíð aflýst

Alþjóðlegri kvikmyndahátíð sem halda átti á Ísafirði í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík í október hefur verið aflýst. „Því miður þá hittist þannig á að menn sem eru væntanlegir til að setja upp nýjan tækjabúnað

í kvikmyndahúsinu koma einmitt á þeim tíma sem halda átti hátíðina. Við eigum því engra annarra kosta völ en að aflýsa henni“, segir Valdimar Halldórsson formaður Róta, félagi áhugafólks um menningarfjölbreytni sem stóð að

undirbúningi hátíðarinnar.

Öll kvikmyndahús á landinu hafa þurft að ráðast í breytingar þar sem hætt er að texta myndir fyrirfram og nýjan tækjabúnað þurfti til að geta sýnt myndir með texta. „Það var óheppilegt að mennirnir gátu ekki komið

á örðum tíma en við stefnum bara að því fullum fetum að gera hátíðina enn sterkari að ári“, segir Valdimar Halldórsson. Markmiðið er að gera hátíðina að árvissum viðburði og tengja hana við landsbyggðina. – *thelma@bb.is*

Elding sendir verðandi ráðherra hamingjuóskir



Einar K. Guðfinnsson.

Á árlegum aðalfundi Eldingar, félags smábátaeigenda á Vestfjörðum, sem

haldinn var á Hótel Ísafirði í gær, lét fundurinn bóka hamingjuóskir til nýskipaðs sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnssonar sem tekur við embætti á morgun. Óskar aðalfundur Eldingar Einari velfarnaðar í starfi og vonast félagið eftir góðu samstarfi við hann í framtíðinni. Einar er fyrsti ráðherra sem Vestfirðingar hafa átt síðan Sig-hvatur Björgvinsson hvarf úr ríkisstjórn árið 1995 og fyrsti vestfirski ráðherra Sjálfstæðisflokksins síðan Matthías Bjarnason lét af embætti 1987.

Meðalsókn var á aðalfund Eldingar.

– *eirikur@bb.is*

KFÍ heldur dómara-námskeið

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar hyggst halda námskeið fyrir körfuboltadómara í október. Ekki er komin nákvæm dagsetning á námskeiðið ennþá en líklegt er talið að það verði haldið síðustu helgi mánaðarins, en þá helgi á KFÍ sinn fyrsta heimaleik á tímabilinu. Segir í frétt á heimasíðu KFÍ að félagið stefni að því í fram-

haldinu að setja á legg dómara nefnd sem sjái um að raða niður dómurum á þá leiki þar sem félagið þarf að skipuleggja dómgaeslu. Auk þess er sagt að námskeiðið verði auglýst frekar á næstunni, og áhugasamir eru beðnir um að setja sig í startholurnar.

– *eirikur@bb.is*

Gönguferð í stað skólahlaups

Á hverju ári taka grunnskólarnemar landsins þátt í hinu Norræna skólahlaupi, en í ár ákváðu nemendur og kennarar Súðavíkurskóla að bregða út af venjunnni og í fara þess í stað í mikinn göngutúr inn Álftafjörðinn. Í bréfi sem Bæjarins besta barst frá Dagbjörtu Hjaltadóttur er sagt frá því að ekið hafi verið inn Álftafjörðinn, og síðan gengið inn með Vatnshlíð áður en farið var yfir nýsmíðaða 14 metra langa göngubrú fyrir botni Álftafjarðar.

„Með tilkomu þessarar nýju 14 metra löngu brúar er nú hægt að komast þurrum fótum fyrir allan dalbotninn, yfir nýju brúna á Fjarðaránni, yfir aðra göngubrú á Valagilsá og að lokum yfir litla göngubrú á Seljalandseyrum“, segir Dagbjört í bréfi sínu.

– *eirikur@bb.is*



Nemendur í Súðavíkurskóla á nýsmíðaðri 14 metra langri brú fyrir botni Álftafjarðar.



Fjöldi gesta heimsótti Finnboga Hermannsson í húsakynnum Svæðisútvarps Vestfjarða á afmælisdegi hans. Þeirra á meðal var Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður.



Djasstrío Villa Valla lék fyrir afmælisbarnið og gesti.

Djasstrío Villa Valla lék fyrir Finnboga sextugan

Finnbogi Hermannsson, forstöðumaður Svæðisútvarps Vestfjarða, fagnaði 60 ára afmæli sínu í síðustu viku. Haldin var veisla í húsakynnum útvarpsins þar sem boðið var upp á veitingar og lék Trío Villa Valla, með þeim Vil-

bergi Vilbergssyni, Ólafi Kristjánssyni og Magnús Reyni Guðmundssyni ljúfa djasstóna fyrir afmælisbarnið og gesti. „Fjöldi fólks kíktti í heimsókn og ég fékk tugi símhringinga, skeyti, gjafir og blómahaf. Viðbrögðin við afmælinu

voru alveg með ólíkindum. Um kvöldið komu mínir nánustu í heimsókn á heimili mitt í Hnífsdal. Ég er afskaplega ánægður með afmælið enda hefði það ekki geta orðið öllu ánægjulegra“, segir Finn- bogi. Aðspurður hvað taki

við á hans sextugasta og fyrsta aldursári segist Finnbogi huga að því að láta fljótlega af störfum eftir tæplega 20 ára feril hjá útvarpinu. „Ég ætla að hætta á næsta ári ef ekkert breytist hjá þessari stofnun“, sagði Finnbogi.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

Hagvöxtur á heimaslóð
Nú liggur leiðin á Vestfirði

Þróunarverkefnið Hagvöxtur á heimaslóð er sérstaklega lagað að þörfum litilla og meðalstórra ferðaþjónustufyrirtækja á afmörkuðu landsvæði, að þessu sinni á Vestfirðum. Meginmarkmiðið er að auka sóknarferi á erlenda markaði.

Ahersluatriði:

- Skipulögð og árangursrík vinnubrögð
- Markhæpnið markaðssetning á Netinu
- Vörubræun
- Stjórnun og rekstur
- Svæðisbundin samvinna
- Aukið menntamarsögð almennra starfsmanna

Uppbygging:
• Október 2005 - Febrúar 2006

Þátttökugjöld er 95.000 krókur. Í gjaldinu er innifalin þátttaka í vinnufundum, aðstoð ráðgjafa, öll gögn og skipulagning, auk máltíða og gisningar meðan á vinnufundum stendur. Þátttakendur bera sjálfir kostnað af ferðum til og frá vinnufundum.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Guðjón Svarsson, verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði, í síma 511 4000, gujjon@utflutningsrad.is.

MIÐUR
LandsMenn
Landsbanki

Byggðastofnun

Borgartún 35 - 105 Reykjavík - sími 511 4000 - fax 511 4040
utflutningsrad@utflutningsrad.is - www.utflutningsrad.is



Tvö leikskólabörn sem eiga afmæli í dag, Svava Rún Steingrímisdóttir og Steinar Anton Björgmundsson, tóku við gjafabréfi frá Halldóri Halldórssyni.

Veglegar gjafir í tvítugsafmæli leikskólans Eyrarskjóls

Börn og starfsfólk á Eyrarskjóli á Ísafirði fögnuðu 20 ára afmæli leikskólans á fimmtudag. Foreldrum var boðið í morgunkaffi og haldin var afmælissöngstund í sal skólans. Þar var sungið datt og haft gaman. Öll börnin báru kórónu í tilefni dagsins. Skólinn hefur

fengið margar góðar afmælisgjafir og meðal þeirra voru Hollow-kubbar frá Ísafjarðarbæ. Halldór Halldórsson bæjarstjóri afhenti tveimur afmælisbörnum dagsins, þeim Svövu Rún Steingrímisdóttur og Steinari Antoni Björgmundssyni, gjafabréf fyrir kubbun-

um. Einnig gaf foreldrafélag Eyrarskjóls skólanum skólapeysur og flaggstöng sem notuð verður framvegis til að flagga fyrir afmælisbörnum leikskólans. Að afmælisstundinni lokinni var gestum boðið upp á afmæliskaffi. Eyrarskjól

var formlega vígt 9. september 1985 og var tekið á móti fyrstu börnunum 17. þess mánaðar. Húsið var reist árið 1979.

Leikskólinn Eyrarskjól hefur fylgt Hjallastefnunni undanfarnin tvö ár og rúmar 74 börn.

- thelma@bb.is

Þú getur hætt að reykja
á Ísafirði 7. og 8. október

- Námskeið með Guðjóni Bergmann
- Breytt hugarfar
- Eftirfylgni í 1 ár
- Frábær árangur
- Hótel Ísafjörður



www.vertureyklaus.is
Símar - 517-3330 / 690-1818

Erfiður rekstur hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf.

„Bærinn hefur ekki lagt félaginu til nægilegt rekstrarfjármagn“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir ljóst að bærinn hafi hingað til ekki lagt Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf. til nægilegt rekstrarfjármagn. „Við höfum ekki gætt þess nógu vel. Á árinu 2004 var félaginu lagt til 8,7 milljónir króna sem er einfaldlega ekki nóg.“

Í ár er gert ráð fyrir 20 milljóna króna fjármagni sem er heldur ekki alveg nóg. Samþykkt hefur verið að bærinn yfirtaki 61 milljón króna yfirdrátt sem félagið nýtti sér og má því segja að með því sé verið að leggja félaginu til 61 milljón“, segir Halldór. Að-



spurður segir hann að það sé augljóslega kostnaðarsamt að reka fyrirtæki á yfirdrætti sem þessum og því sé brýnt að bærinn leggi til aukið rekstrarfé í framtíðinni. Þess þurfi að gæta við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Eins og kunnugt er var félagið stofnað sumarið 2003. Tilgangur þess var að yfirtaka og reka íbúðarhúsnæði í eigu

bæjarsjóðs sem áður heyrði undir húsnæðisnefnd bæjarins. Sá rekstur er þungur og var alltaf ljóst að félagið myndi tapa fé. „Staðan mun batna, en hún mun batna hægt. Við sjáum fyrir okkur að íbúðum í eigu félagsins muni smám saman fækka og tapið vonandi minnka. Til dæmis mun það að líkindum laga stöðuna nokkuð þegar Ofanflóðasjóður

kaupir 18 íbúðir í eigu félagsins á Árvöllum í Hnífsdal“, segir Halldór.

Auk 500 þúsund króna hlutafjárframlags þegar félagið var stofnað lagði Ísafjarðarbær því í árslok 2003 til húsnæðið við Fjarðarstræti 7 til 9, svokallaða kennarablokk. Verðmæti íbúðanna er talið nema 66 milljónum króna. „Þær íbúðir voru ekki í félagslega íbúðakerfinu og voru þess vegna ekki undir húsnæðisnefnd þegar Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. var stofnað“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri, Ísafjarðarbæjar.

– halfdan@bb.is



Skipverjar á Andey flögguðu í hálfu stöng.

Flaggað í hálfu stöng á Andey

Rækjutogarinn Andey ÍS-440, sem landaði í Súðavík á fimmtudag í síðustu viku, sigldi til hafnar á Ísafirði daginn eftir með flaggað í hálfu stöng. Ástæðan var sú, að sögn Jónatans Ásgeirssonar skipstjóra, að skipinu hefur verið lagt. Skipverjar fengu allir uppsagnarbréf fyrir viku síðan. „Enginn okkar er búinn að fá vinnu“, segir Jónatan. „Og sumir okkar hafa stundað sjómennsku í aldarfjórðung. Okkur þótti þetta aldeilis til efni til að flagga í hálfu stöng. Þetta er sorgardagur.“

Skipverjar vinna nú að því að taka saman veiðarfæri og þrifa skipið. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um útgerð eða sölu Andeyjar, að sögn Sverris Péturssonar,

útgerðarstjóra hjá Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru. Rækjuvinnsla og útgerð rækjutogara hefur átt undir högg að sækja síðastliðin ár, aflabrögð hafa verið slök og afurðaverð hefur farið lækkandi auk þess sem sterkt gengi krónunnar hefur reynst útflytjendum þungur baggi. „Þetta er bein afleiðing af gengismálunum“, segir Sverrir. „Sterkt gengi krónunnar er hægt og hægt að murka úr okkur lífið. Það segir sig sjálf að ef þeir sem versla í erlendum gjaldeyri fá ekkert fyrir gjaldeyri, þá er þetta vonlaust.“

Öðru skipi HG, Framnesinu, var lagt í fyrr í mánuðinum auk þess sem starfsmönnum Frosta var sagt upp í lok ágúst. – eirikur@bb.is



Már Óskarsson vélstjóri kveður. Myndir: Bartek Kopczewski.

Nýr hafnsögubátur á leið til Ísafjarðar


Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar og Már Óskarsson, vélstjóri lögðu á fimmtudag af stað á Sturlu Halldórssyni, nýjum löðsbáti Ísafjarðar, frá Gdansk í Póllandi áleiðis til heimahafnar á Íslandi.

„Við lögðum af stað á hádegi og erum nú á fullri siglingu á Eystrasalti“, sagði Guð-

mundur þegar haft var samband við hann upp úr hádegi í dag. „Hér er logn, sól og 20 stiga hiti. Báturinn reyndist vel í prufusiglingum og stóð vel undir væntingum, er kraftmikill og gangmikill. Við erum að sigla á 10 mílna hraða, en hann kemst hraðar“, segir Guðmundur á fimmtudag í síðustu viku, sem efar það að

honum og Má eigi eftir að leiðast á siglingunni.

„Ef allt gengur að óskum á ferðin eftir að taka átta til tíu daga. Við siglum til Skagen í Danmörku, þaðan til Shetlandseyja, svo til Færeyja og að lokum til Íslands.“ Sturla Halldórsson er því væntanlegur til heimahafnar á Ísafirði um helgina. – halfdan@bb.is



Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri vinkar bless.

Náttúrusvið Umhverfisstofnunar

Leggst hart gegn því að Leirufjarðarvegur standi fram á vor

Forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, Árni Bragason, segir út í hött að veita landeiganda í Leirufirði frest fram á vor til að lagfæra vegslóða sem lagður var niður í Leirufjörð um síðustu verslunarmannahelgi. Unnið hefur verið við gerð varna gegn

landbroti í Leirufirði, og hefur landeigandi haft uppi óskir um að fara aftur með jarðytu um Dalsheiði niður að Jökulsá til þess að ljúka verkinu.

Telja náttúruverndarsinnar hins vegar að vegslóðin brjóti gegn lögum um náttúruvernd, auk þess sem Umhverfisstofnun hefur lagt hart gegn slóð-

anum, og telur að ekki sé „þörf á slóðagerð vegna aksturs jarðytu þessa leið“, eins og segir í bréfi Umhverfisstofnunar til yfirvalda Ísafjarðarbæjar. Landgræðsla ríkisins hefur síðan mótmælt harðlega allri jarðytuumferð yfir gróid land á Dalsheiði.

– eirikur@bb.is



Hluti vegslóðans í Leirufjörð.

Ritstjórnargrein

Aðeins ein leið er fær

Allt fram undir miðja síðustu öld áttu Bolvíkingar tveggja kosta vól ef þeir þurftu að leggja leið sína til Ísafjarðar: Fara fótgangandi um Óshlíð eða fara sjóleiðina. Stígar göngufólks um Óshlíð eru ekki lengur sjáanlegir. Spjöld sögunnar geyma frásagnir af þessum oft á tíðum erfiðu og hættulegu ferðalögum, hvar sumir ferðalanganna báru bein sín.

Vegurinn um Óshlíð í dag á fátt sameiginlegt með veginum sem opnaður var fyrir hálfum sjötta áratug. Eimbreiði malarvegurinn, með útskotum til mætinga hér og þar, stenst ekki samanburð við tvíbreiða, malbikaða þjóðbraut með vegskálum á nokkrum stöðum, sem nú liggur á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Eitt er þó með sama hætti og áður: Óshlíðin.

Jarðgöngin í Arnarneshamrinum eru jafn gömul Óshlíðarveginum. Segja má að þessi fyrstu veggöng á Íslandi hafi verið nauðvörn. Ekki var talið unnt að koma á vegasambandi milli Ísafjarðar og Súðavíkur með öðrum hætti. Sé borin saman tækni við jarðgangagerð í dag og á þeim tímum er Arnarnesgöngin voru gerð, má segja að þau hafi verið „boruð“ með hamri og meitli! Því þarf ekki að undra þótt jarðgöng á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur hafi ekki þótt álitlegur kostur á þessum tíma. Brynt var engu að síður að koma á vegasambandi milli tveggja stærstu byggða á norðanverðum Vestfjörðum. Því var Óshlíðin valin.

Óshlíðin hefur í engu breyst. Síðan vegurinn var opnaður hefur hún stöðugt minnt á hættuna sem faðmlag við hana felur í sér. Undan því hefur stundum illa sviðið þótt blessunarlega hafi oft tekist betur til en á horfðist.

Óshlíðarvegurinn sem slíkur er ágætur. Hinu verður ekki horft fram hjá: Öryggi varna, sem settar hafa verið upp til að vernda vegfarendur fyrir grjóthruni, er falskt. Og áratuga reynsla ætti að hafa fært okkur heim sanninn um að útilokað er að búa svo um hnútana að þeim sé treystandi.

Hvernig sem það kann að hljóma þá eru jarðgöng eina færa leiðin fyrir Bolvíkinga til að komast í vegasamband við önnur byggðarlög með viðunandi hætti. Um staðarval þeirra er hægt að deila. Mannslíf verða aldrei metin til fjár. Þau skipta meira máli en nokkrar mínútur í tímalengd á milli byggðalaga.

Það er með öllu óviðunandi að Bolvíkingar þurfi að búa við sama óöryggið á ferðum sínum til Ísafjarðar og þeir máttu þola meðan þeir áttu ekki annarra kosta vól en að ganga Óshlíðina.

s.h.

Orðrétt af netinu

Rithöfundur gegn málfrelsi

Mörg atvik verða brotin til mergjar, þegar lagt verður mat á stjórnmálaferil og störf Davíð. Í flokki sérkennilegra atvika er eftirleikur þess, að Davíð bauð Hallgrími Helgásyni rithöfundu að hitta sig í skrifstofu sinni, eftir að Hallgrímur hafði skrifað samsærissgrein gegn Davíð í þágu eins viðskiptaveldis í þjóðfélaginu.

Hallgrímur virðist ekki samur maður eftir þetta samtal og nú skilst mér, að hann undrist skrif mín hér á vefsíðuna vegna Baugsmálsins svonefnda og telji þau utan velsæmis fyrir mig sem dómsmálaráðherra ef ekki eittvað enn verra. Rithöfundur gegn málfrelsi er einkennilegt fyrirbrigði og sýnir hve langt er gengið, ef miklir hagsmunir eru taldir í húfi.

bjorn.is – Björn Bjarnason

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk.

Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X

Undirmönnuð og óánægð hjá Svæðisútvarpi Vestfjarða

Mikil óánægja ríkir hjá starfsmönnum Svæðisútvarps Vestfjarða gagnvart yfirmönnum Ríkisútvarpsins en nú er útlit fyrir að skorið verði niður hálf stöðugildi hjá útvarpsstöðinni. „Það er orðið helvíti hart þegar óbreyttir starfsmenn þurfa að tala við yfirmenn sína í gegnum lögfræðinga, en svo er nú komið. Við erum undirmönnuð í sumarleyfum og öðrum leyfum þrjá mánuði á ári, en er ætlað að skila sama framlagi án þess að okkur sé það umbunað að neinu leyti. Þegar við mögldum um að vera keyrð áfram undirmönnuð, bótaust, var okkur hegnt fyrir það með því að skorið var niður hálf stöðugildi hjá stöðinni. Og skyndilega stóð Sigríður Ásgeirsdóttir frammi fyrir því um síðustu mánaðamót, án nokkurrar aðvörunar, að verða atvinnulaus einstæð móðir á Ísafirði“, segir Finnbogi Hermannsson, forstöðumaður Svæðisútvarps Vestfjarða.

„Þetta er ótrúleg framkoma við fólk, en vinnureglan hjá Ríkisútvarpinu er sú að fólk



Svæðisútvarp Vestfjarða er til húsa við Aðalstræti á Ísafirði.

er tjáð með a.m.k. mánaðar fyrirvara að samningur verði ekki endurnýjaður. Þetta var ekki gert. Þegar ég ítrekaði hálfis árs samning Sigríðar, fékk ég þau svör að samningur hennar væri „á hold“, eins og það var orðað. Eins og staðan er í dag vinnur hún út mánuðinn. Við erum að vinna á fullu bæði í útvarpi og í sjónvarpi.

Það sem af er árinu höfum við sent frá okkur 163 sjónvarpsfréttir sem slagar hátt upp í ekki gert. Þegar ég ítrekaði hálfis árs samning Sigríðar, fékk ég þau svör að samningur hennar væri „á hold“, eins og það var orðað. Eins og staðan er í dag vinnur hún út mánuðinn. Við erum að vinna á fullu bæði í útvarpi og í sjónvarpi.

létt af okkur í þeim efnum“, segir Finnbogi.

Enginn yfirmaður svæðisstöðva RÚV eða Rásar 2 hefur verið að störfum frá því í vor er Jóhann Hauksson lét af störfum. Ráðinn var nýr stjóri í ágúst, Sigríður Stefánsdóttir, en áætlað er að hún komi til starfa um næstu áramót.

– thelma@bb.is



Líðsmenn reru af kappi í róðrarkeppni MÍ en foreldrar fóru með sigur af hólmi.

Foreldrar reru til sigurs í róðrarkeppni Menntaskólans

Það var djúpt tekið í árinni og líflegt um að litast á Pollinum í síðustu viku þegar róðrarkeppni Menntaskólans á Ísafirði fór þar fram í stafalogni, fimmta árið í röð. Áttust við níu keppnislið nemenda, tvö kennaralið og eitt lið foreldra.

Fyrsta viðureignin var í kvennaflokki og sigruðu Ólínurnar, róðrarsveit kennara með tímamann 2.01.40. Nemendaliðið Þjásurnar hafnaði í öðru sæti og nemandaliðið Sódóma hafnaði í þriðja sæti. Í karlaflokki fóru leikar þannig að foreldrar sigruðu með besta tíma mótsins, 1:32:46. Í öðru sæti voru

Víkarar en Stúdínum höfnuðu í því þriðja. Róðrarkeppni Menntaskólans á Ísafirði hefur verið fastur liður í félagslífi skólans frá haustinu 2001. Fyrsta árið keppti eingöngu kvennalið kennara, en síðan hafa kennarar jafnan keppt í bæði karla- og kvennaflokki.

Foreldrar hófu þátttöku fyrir tveimur árum. Skipulagning og undirbúningur keppinnar að þessu sinni var í höndum Stellu Hjaltadóttur, nýráðins verkefnisstjóra forvarnar- og félagsmála.

Ólínurnar sigruðu í kvennaflokki.



Umferðarkönnun áhugamannafélagsins Vegar á meðal vegfarenda um Óshlíðarveg

Um 60% ökumanna fannst þeir öruggir en 35% óöruggir

Meirihluta ökumanna sem fóru um Óshlíð þann 13. maí í fyrra fannst þeir vera öruggir á veginum, ef marka má könnun sem áhugamannafélagið Vegar í Bolungarvík gerði. Um 34% ökumanna fannst þeir oftast en ekki öruggir, 26% fannst þeir alltaf öruggir, 6% voru hlutlausir, 13% fannst þeir sjaldan öruggir og 21%

töldu að þeir væru aldrei öruggir á ferðum sínum um veginn. Könnunin var framkvæmd skammt frá Bolungarvík milli kl. 07:00 og 22:00. Voru upplýsingar um ferðir alls 634 ökutækja sem leið áttu um skráðar og ökumenn þeirra beðnir að svara nokkrum spurningum. Hvert ökutæki var þó ekki stöðvað nema

einu sinni og því alls um 384 ökutæki stöðvuð og ökumenn þeirra spurðir. Persónuvernd var gert viðvart um þessa könnun og gerði hún ekki við hana athugasemdir.

Í könnuninni kom fram að 71% svarenda áttu heima í Bolungarvík en 29% annars staðar. Fjórðungur ferðalanga átti erindi tengt vinnu, en 18%

voru í verslunarhugleiðingum. 8% voru á leið í eða úr skóla og 3% voru á ferð vegna íþróttæfinga- eða keppna. Þá sagðist tíund eiga erindi vegna fjölskyldumála. Yfirgnæfandi meirihluti eða 87% allra ökutækja voru fólksbílur, 9% voru flutningabílar, 2% fólksflutningabílar og 1% vinnuvélar. Nærri sjö af hverjum tíu öku-

mönnum voru karlmenn.

Rétt tæplega helmingur svarenda sagðist fara um hliðina 5 sinnum í viku eða oftast. Rúmlega fjórðungur átti erindi 3-5 sinnum í viku, 16% 1-2 ferðir í viku og 11% sjaldnar. Þegar ökumenn voru spurðir út í afstöðu sína til aukningar hámarks hraða í gegnum Hnífsdal og um Krók á Ísafirði

sögðust um 60% vera mjög eða frekar hlynt þeim hugmyndum. Um 12% voru hlutlaus en fjórðungur var mjög eða frekar mikið á móti. Sætanýting ökutækja sem fóru um Óshlíð þennan dag var ekki til fyrirmyndar. Um 60% ökumanna höfðu engan farþega, en 30% höfðu einn farþega í bílnum. – halfdan@bb.is

Aðstæður í Óshyrnu kannaðar

Eins og íbúar á norðanverðum Vestfjörðum hafa tekið áþreifanlega eftir þá hefur grjóthrun úr Óshlíð verið óvenju mikið upp á síðkastið. Nú hefur Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri gefið út um það að farið verði farið upp í Óshyrnu á næstunni til að kanna hvort aðstæður til grjóthruns séu að einhverju leyti óeðlilegar.

Gísli Eiríksson umdæm-istjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði segir að enn sé ekki ljóst hvernig skoðun þessi verði framkvæmt, eða hvenær, en líklega þurfi að ráða jarðfræðing til starfans. „En svo geta tíð grjóthrun líka verið tilviljun,“ segir Gísli. „Stundum er mikið um grjóthrun, og stundum lítið. Við sjáum samt ástæðu til að kanna þetta nánar.“



Vetrarfærðin kom ökumönnum í opna skjöldu

Árekstur tveggja bíla varð á Sudurgötu á Ísafirði á föstudagsmorgun, til móts við Vestrahúsið. Eitthvað tjón varð á ökutækjum en ekkert á fólki. Svo virðist sem skyndileg vetrarfærð hafi komið Ísfirðingum í opna skjöldu. Flestir voru enn með sumardekk undir bílum sínum og áttu margir í erfiðleikum vegna hállu.

– halfdan@bb.is

Íraskir dagar á Ísafirði í vetur?

Í undirbúningi er að halda íraska daga á Ísafirði í vetur, bæjarhátíð þar sem áhersla verður lögð á íraska matargerð og menningu. Aðspurður um málið segir Rúnar Óli Karlsson, áhugamaður um íraska menningu og einn þeirra sem vinnur að undirbúningi hátíðarinnar, að meðal þess sem ætlunin er að bjóða upp á megi nefna íraskan mat, diskótek og upplestur úr ír-

öskum bókum.

„Írak hefur verið mikið í umræðunni að undanförunu og hefur verið einblínt á þau vandamál sem í landinu eru. Við viljum bæta úr því“, segir Rúnar. Auk Rúnar skipa undirbúningshópin þeir Eiríkur Örn Norðdahl, Steingrímur Rúnar Guðmundsson og Hálfán Bjarki Hálfáns-son.

– thelma@bb.is




Útsýnið er ekki lélegt af hjallanum. Myndirnar tók Rúnar Óli Karlsson sem kom að sprengingunum.

Sprengingum í Gleiðarhjalla lauk degi á undan áætlun

Sprengingum í Gleiðarhjalla ofan byggðarinnar á Ísafirði lauk á miðvikudag í síðustu viku þegar sprengt var fyrir ofan Hjallaveg. Aðspurður segir Helgi Mar Friðriksson sprengjustjóri að verkið hafi gengið mjög vel.

„Við klárðum degi á undan áætlun og það varð ekkert tjón. Við boruðum auka-holur til að splundra steinunum betur. Til þess notuðum við rafstöðvar og bora. Flest voru þetta nokkuð stór björg, allt upp í 22 tonn, sem við vorum að mylja í smærri einingar. Ég gerði þetta ekki einn heldur fékk ég hjálp frá fullt af góðu fólki og ég vil koma á framfæri kær þakklæti til þeirra sem unnu að verkinu með mér“, sagði Helgi.

„Nú er búið að taka þessi stóru björg niður sem í sumum giljum stífluðu eðlilegt framrennsli vatns. Þegar þrýstingur fyrir aftan grjótið er orðinn nógu mikill getur skriða farið af stað.“ – halfdan@bb.is



Helgi Mar sprengjustjóri við einn steininn sem sprengdur var.



Björn og eiginkona hans María Gísladóttir.



Helgi tekur lagið ásamt Gunnari Hólmi Sumarliðasyni.



Björn og María ásamt Helga Má Arthúrssyni sem lék með Birni í Vestra á árum áður.

Fjölmenni fagnaði sjötugum Birni Helgasyni

Björn Helgason íþróttakappi og fyrrverandi íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðar varð sjötugur á laugardag. Af því tilefni buðu hann og eiginkona hans, María Gísladóttir, til veislu í sal Frímúrara á Ísafirði. Fjölmenni var þar samankomið til þess að samfagna þeim hjónum á þessum tímamótum. Veislustjóri var Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi og æfingafélagi og keppninautur Björns í hníti í áratugi. Gestir komu víða að enda hefur afmælisbarnið komið víða við í félagsstórfum sínum í gegnum tíðina. Óvæntustu gestir afmælisveislunnar voru þó án efa systir hans Guðrún og dóttir hennar Kristjana Erin Demereaz. Þær búa í Ástralíu og komu gagnert yfir hnöttinn þveran til þess að heiðra afmælisbarnið og koma því og öðrum veislugestum á óvart. Ekki fór á milli mála að það tókst svo ekki verði sterkar að orði kveðið.

Fjölmargar ræður voru haldnar afmælisbarninu til heiðurs og einnig skemmtu börn hans veislugestum. Meðal annars söng Helgi sonur hans lög af væntanlegri plötu sinni. Þorsteinn J. Tómasson ljósmyndari var að sjálfsgöðu mættur í veisluna og tók meðfylgjandi myndir.

halfdan@bb.is



Dætur Björns þær Auður, Katrín, Ólöf, Harpa og Guðbjörg skemmtu veislugestum.



Björn ásamt systkinum sínum Reyni, Björk, Guðrúnu, Ólöfu, Guðmundi og Halldóri.



Gamlar knattspyrnuhetjur, Tryggvi Sigtryggsson, Jón Kristmannsson og Erling Sigurlaugsson ásamt Birni.



Afmælisbarnið með Guðrúnu og Kristjónu sem komu óvænt frá Ástralíu.

Er Reykjavík bara höfuðborg Reykjavíkur?



Kristinn H. Gunnarsson.

Það er engu líkara en að flestir borgarfulltrúar í Reykjavík álíti að borgin sé höfuðborg án skuldbindinga, hafi engar skyldur við landsbyggðina. Það eru aðeins borgarfulltrúar Framsóknarmanna sem halda haus í málinu endalausa, staðsetningu Reykjavíkurflugvallar.

Nú er landið í Vatnsmýrinni orðið svo verðmætt að braskararnir vilja komast í það og græða. Ætla má að verðmætið

nemi tugum milljarða króna. Það mátti sjá í Kópavogi við síðustu lóðaúthlutun að miklir peningar eru í lóðunum einum og sér. Þar nemur gróði þeirra sem fengu úthlutað lóð líklega eitthvað á annan milljarð króna, sem hægt er að innleysa síðar.

Þetta er hin raunverulega ástæða fyrir því að menn vilja flugvöllinn burt. En enginn hefur ennþá haft orð á því hve mikið af gróðanum á að verja til þess að byggja upp nýjan flugvöll og nauðsynlegar samgönguframkvæmdir til þess að landsbyggðarmenn, þeir sem fyrst og fremst nota þjónustu flugvallarins, verði jafnsettir. Líklega á ríkið að borga kostnaðinn af dæminu en aðrir ætla að hirða gróðann. Það er lóðið.

Reykjavíkurflugvöllur er ákjósanlega staðsettur að mörgu leyti. Hann er við aðalsjúkrahús landsins og þess vegna er ferðatími þangað í lágmarki. Það er mikið öryggisatriði fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Nú

hefur verið ákveðið að ríkið borgi og byggji nýjan spítala á Landsspítalalóðinni við Hringbraut. Það mun kosta um 40 milljarða króna. Ef flugvöllurinn verður fluttur verður að taka nýja ákvörðun um staðsetningu sjúkrahússins. Ekki verður unað við að gera suma landsmenn að annars flokks borgurum að þessu leyti.

Ríkið hefur ákveðið að reisa nýja samgöngumiðstöð við flugvöllinn. Það er skynsamlegt og tengir saman ólíkan ferðamáta. Ætla menn að skilja samgöngumiðstöðina eftir en færa flugvöllinn? Hvers konar vitleysa er þetta? Og er ekki nóg komið af skólafélagi á þróngu svæði með Háskóla Íslands á Melunum?


Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni hefur einnig þann kost að þaðan er stutt í stofnanir og verslunarmiðstöðvar og öll íbúðahverfi á höfuðborgarsvæðinu eru innan 15 mínútna ferðatíma. Það verður ekki á betra kosið og staðsetning

flugvallarins er einmitt ein helsti kostur höfuðborgarsvæðisins í augum þeirra sem utan þess búa.

Þessir hagsmunir eiga að vera ráðandi við ákvörðun um breytingar. Þjónustuhlutverkid er aðalatriðið og annað verður að vika, vilji menn yfirhöfuð að Reykjavík sé höfuðborg. Nýr flugvöllur verður að hafa sömu kosti a.m.k. til þess að réttlætlegt sé að huga að flutningi vallarins.

Fyrst þarf að finna nýjan stað fyrir flugvöllinn sem uppfyllir þessi skilyrði áður en menn fara að efna til hugmyndasamkeppni um Vatnsmýrina. Það er alger forsenda þess sem síðar á að koma. Vonbrigðin eru hins vegar þau að ákafamönnunum um flutning flugvallarins er greinilega alveg sama um hagsmuni þeirra sem flugvöllurinn þjónar fyrst og fremst. Í þeirra augum eru tvær þjóðir í landinu, aðalþjóðin og liðið út á landi.

– Kristinn H. Gunnarsson.



Björn og Halldór Jónsson með merki Harðar sem Halldór færði honum í tilefni af ummælum Björns í viðtali í BB í sumar um að hann hefði á sínum tíma ekki fengið inngöngu í Hörð.

Árnað heilla



Gullbrúðkaup áttu, 25. september 2005, hjónin María Ólafsdóttir og Gunnar Júl Egilsson í Bolungarvík.

Ingibjörg Ingadóttir, enskukennari við MÍ er farin í tveggja vikna veikindafri

„Afleiðing af einelti sem ég hef orðið fyrir af hendi skólameistara“


Ingibjörg Ingadóttir, enskukennari við Menntaskólann á Ísafirði, er farin í tveggja vikna veikindafri frá kennslu. Aðspurð um málið segist Ingibjörg vera lögð í einelti á vinnustað og að henni sé ekki vært í vinnunni

lengur. „Ég hef verið í meðhöndlun hjá lækni að undanförmu og hef fengið vottorð hjá honum upp á veikindi sem eru afleiðing af einelti sem ég hef orðið fyrir af hendi skólameistara undanfarna mánuði. Þá var ég á

heilsuheiði í Hveragerði í ágúst vegna þessa eineltis og afleiðinga þess. Ég verð í veikindaleyfi í tvær vikur til að byrja með“, segir Ingibjörg. Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, kannast ekki við

að Ingibjörg Ingadóttir enskukennari hafi tilkynnt veikindi og fengið leyfi frá störfum næstu tvær vikur. „Ingibjörg hefur ekki gert mér grein fyrir veikindum og hefur ekki beðið um leyfi frá störfum. Þar af leiðandi hafa

engar ráðstafanir verið gerðar vegna hennar nemenda næstu tvær vikurnar. Það er afar óvenjuleg aðferð að tilkynna um veikindi í gegnum fjölmiðla og þetta kemur mér mjög á óvart“, segir Ólína. – halfdan@bb.is



Ingibjörg Ingadóttir.



Ólína Þorvarðardóttir.

Jarðgöng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar?

Á bæjarstjórnarfundum á fimmtudag lagði Birna Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar fram tillögu að ályktun f.h. bæjarstjórnar þar sem skorað var á samgönguguyfirvöld að „kanna til hlítar möguleika á gerð jarðganga milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar með hlíðsjón af þeirri hættu sem stöðjar að vegfarendum á Óshlíð.“

fyrir í mánuðinum. Tekið var í tillögunni undir áhyggjur bæjararyfirvalda í Bolungarvík vegna „viðvarandi hættu af grjóthruni á veginn um Óshlíð“, en oft hefur mátt litlu muna að illa færi á Óshlíð uppá síðkastið. Tillagan var samþykkt einróma. Eins og fram hefur komið óttast margir að keyra Óshlíðina, en 35 prósentum ökumanna finnst þeir ekki öruggir á leið sinni um veginn, samkvæmt könnun sem áhugamannafélagið Vegur í Bolungarvík gerði þann 13. maí



Mikið hefur verið um grjóthrun úr Óshlíð upp á síðkastið. Fyrira. Telja má öruggt að óhöpp vegfarenda á hlíðinni. – eirikur@bb.is



Mikið vatn er í jarðvegi á Skeiði.

Grafa fyrir olútönkum

Starfsmenn verktakafyrirtækisins KNH unnu að því í síðustu viku að grafa fyrir tveimur olútönkum á Skeiði í Skutulsfirði fyrir olíufélagið Orkuna, en til stendur að reisa bensínsjálfsafgreiðslustöð á lóð Ljónsins á næstunni.

og það flæði sífellt sjór í holuna. Er ástandið svo slæmt að slökkviliðið hefur verið kallað til aðstoðar við að þurrka jarðveginn. Sævar segist búast við því að verkinu verði lokið í kvöld, en KNH verktakar sjá einungis um að grafa olútankana niður. Aðrir taka við frágangi að því loknu. Ekki eru verkið hafi sóst illa sökum mikils vatns í jarðveginum

Stærur Hjørvarsson hjá KNH verktökum segir að verkið hafi sóst illa sökum mikils vatns í jarðveginum

Hæstiréttur Íslands

Staðfestir dóm yfir manni sem sakfelldur var fyrir líkamsárás

Hæstiréttur staðfesti í síðustu viku dóm yfir manni á þrítugsaldri sem sakfelldur var á sínum tíma í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir líkamsárás gegn stúlku með því að hafa veist að henni aftursæti bifreiðar og „hrist hana og slegið

ítrekað í öxl hennar þegar bifreiðin var á ferð sem leið lá út Hafnarstrætið og upp Pjöllgötu, hótað henni og fjölskyldu hennar lífláti og fylgt því eftir með ógnandi tilburðum og loks hrint A út úr bifreiðinni sem þá var á um það

bil 10 km ferð við hringtorgið að gatnamótum Pjöllgötu og Hafnarstrætis á Ísafirði, með þeim afleiðingum að hún tagnaði í baki, marðist lítillega á framhandlegg og bólgnaði yfir vinstra kinnbeini“, eins og sagði í ákæru mannsins.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar 1. febrúar 2005 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun, en jafnframt af hálfu ákæruvaldsins sem krafðist þyngingar á refsingu. Ákærði krafðist sýknu. Var málinu gert að greiða allan sakarkostnað málsins, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, alls ríflega hálf milljón króna. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttadómari skilaði sératkvæði. Hann var sammála staðfestingu dómsins, en vildi að vararefsing yrði lækkuð úr 5 daga fangelsisvist í 4. – halfdan@bb.is

Atvinnulífskönnun meðal fyrirtækja í Ísafjarðarbæ

Ríflega helmingur skilaði hagnaði á síðasta ári

Rúmlega helmingur fyrirtækja í Ísafjarðarbæ skilaði hagnaði á síðasta ári samkvæmt nýttgefni atvinnulífsskönnun sem atvinnurekendum í sveitarfélaginu svöruðu. Þá voru 18% fyrirtækja rekin með tapi og afkoma 31% þeirra var á núlli. 53% svaraenda sögðu að veltarekstursins hefði aukist síðustu tvö ár, 20% að hún hefði minnkað og 27% að veltan hefði haldist óbreytt.

Miðað við sambærilega könnun sem gerð var 2003 var mun herra hlutfall fyrirtækja að skila viðunandi eða góðri rekstrarniðurstöðu á síðasta ári. 31% svaraenda sögðu að horfur væru á að afkoma fyrirtækisins yrði betri á þessu ári en því síðasta. 16% bjuggust við að afkoman yrði lakari og 53% að hún yrði svipuð. Atvinnulífsskönnunin var unnin af Netheimum ehf. í samstarfi við atvinnuálagfulltrúa Ísa-

fjarðarbæjar og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Markmiðið með könnuninni var að safna saman í gagnagrunn upplýsingum um stöðu atvinnumála til að geta tekið með ákveðnari hætti á málum sem betur mættu fara. Samskonar könnun var gerð í fyrra en í framtíðinni er stefnt að því að gera slíkar kannanir á öðru hverju ári til að fylgjast með breytingum á atvinnu- mynstri. – thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

MYNDMENNTAKENNARI

Vegna forfalla er 70-75% staða myndmenntakennara laus til umsóknar. Umsóknir skal senda sem allra fyrst til skólastjóra sem veitir frekari upplýsingar.

Skólastjóri.

Tveir bílar fóru út af í hálfu

Ökumenn tveggja bíla misstu stjórn á ökutækjum sínum í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði á fimmtudag. Báðir bílarnir voru vanbúnir fyrir veturinn. Mildri þykir að för bíls sem fór út af Hnífsdalsvegi hafi ekki endað í grýttri fjöru. Enginn slasaðist í umferðaróhöppunum. Í fyrria tilfellinu var um að

ræða ökumann sem missti stjórn á bíl sínum í ís og krappa á Hnífsdalsvegi við Pétursborg. Rann bíllinn stjórnlaust áfram og endaði hann á hlið ofan í grunnum skurði ofan við veginn. Mildri þykir að ekki fór verren hinum megin vegarins er grýtt fjara. Ökumaður var einn í bílnum. Hann sakaði ekki en bíllinn er talinn nokkuð

skemmdur. Þá missti ökumaður stjórn á bíl sínum við bæinn Botn í Súgandafirði. Bíllinn valt ekki. Tveir voru í bílnum, auk ökumanns, og voru þau farin af vettvangi þegar lögreglu bar að. Höfðu þau fengið far með bíl sem átti leið um veginn. – halfdan@bb.is

Lítill flutningur opin land versta dæmið u

Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, tók við embætti sjávarútvegsráðherra í gær af Árna Mathiesen. Óhætt er að segja að ráðherradóminn hafi verið brátt að. Mörgum kom á óvart að Davíð Oddsson skyldi segja stjórnmaálfskiptum sínum lokið, þó vissulega hafi sá möguleiki verið í umræðunni, og ekki síður fannst mörgum óvænt að Einar Kristinn yrði næsti sjávarútvegsráðherra þar sem hann hefur oft verið upp á kant við þungavigtarmenn innan flokksins í sjávarútvegsálum.

Óhætt er að segja að ráðherradómur Einars marki tímamót í vestfirskum stjórnálmum. Vestfirðingar hafa ekki átt ráðherra síðan alþýðuflokksmaðurinn Sighvatur Björgvinsson gegndi ráðherradómi í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks á árunum 1991-1995. Vestfirskir sjálfstæðismenn hafa ekki átt ráðherra síðan í ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á

árunum 1983-1987 þegar Matthías Bjarnason gegndi fyrst embætti heilbrigðis-, tryggingamála- og samgönguráðherra og síðar embætti samgöngu- og viðskiptaráðherra. Þá má nefna að sjávarútvegsráðherra hefur ekki komið úr röðum þingmanna Vestfirðinga síðan Steingrímur Hermannsson gegndi embætti sjávarútvegs- og samgönguráðherra í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen, sem skipað var ráðherrum úr Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi á árunum 1980-1983.

Einar er Bolvíkingur, fæddur árið 1955, barnabarn nafna síns, hins fræga útgerðar- og athafnamanns sem byggði upp stórfyrirtæki á mælikvarða síns samtíma, eins og flestir Vestfirðingar þekkjá. Einar lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði árið 1975 og síðan BA prófi í stjórnmálafræði frá University of Essex í Englandi árið 1981. Hann starfaði sem blaðamaður á Vísi og vann skrifstofustörf þar til hann tók við starfi útgerðar-

stjóra í Bolungarvík. Því starfi gegndi Einar til ársins 1991 þegar hann var kosinn á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Vestfjarðakjördæmi.

Víst er að Einar hefur mikla þekkingu á sjávarútvegsálum og má segja þau hafi verið rauður þráður í gegnum feril hans á þingi. Sumir fullyrða meira að segja að hann hafi stefnt á stól sjávarútvegsráðherra um árabíl. Aðrir benda á að honum veiti ekki af áhuganum til að efla baráttuþrekið, ráðuneyti sjávarútvegsála sé pólitískt jarðsprengjusvæði og „sátt um sjávarútveginn“ í besta falli markmið. Miklir hagsmunir séu í húfi og menn vili fátt fyrir sér til að vinna að framgangi þeirra. Víst má telja að ráðherradómurinn sé hvalreki fyrir vestfirska stjórnmaálahugamann sem munu vafalítið spá í hvern leik hins nýja ráðherra.

Í næstu línun er ætlunin að leita viðbragða Einars Kristins sjálf og fá fram skoðanir hans.

Hlód batterín á Hornströndum

Telja má víst að starfið sé heljarmikið að vöxtum – áður en farið er út í harða pólitíkina er við hæfi að spyrja hvernig fyrirhugaðar breytingar leggjast í fjölskylduna, hvað segja konan og börnin?

„Ég held að því sé svipað farið með þau eins og mig, að ekkert okkar hefur fengið almennilegt ráðrúm til að fhuga að nokkru ráði hvað þetta felur í sér í breyttum höfum fyrir fjölskylduna. Síðustu dagarnir hafa einkennst af því að ég hef verið að fá mjög margar góðar kveðjur, bæði frá vinum mínum að vestan og víða annars staðar að. Þannig hefur tíminn ekki síst farið í að samgledjast með vinum okkar í þessum skilningi og við erum lítið farin að hugleiða þessi mál praktískt séð. Við höfum aðeins sest niður við eldhúsbordið með börnunum okkar Sigrúnu Maríu og Guðfinni og velt þessu fyrir okkur.“

Hins vegar er það þannig að þingmennskan hefur alltaf verið erilsöm hjá mér og ég hef alltaf lagt mikla áherslu á það, eins og menn vita, að vera mikið á ferðinni í mínu kjördæmi, þó manni finnst aldrei nóg gert í þeim efnunum, svo ég held að fjölskyldan sé ágætlega við því búin að sætta sig við fjarvistir. Hingað til hafa þær ferðir þó beinst mest inn á mitt kjördæmi og þær slóðir en núna má búast við óskum um að fara víðar um landið, og það hefur þegar komið fram. Þannig verða ýmsir fundir og slíkt sem

bætast við frá því sem áður var, svo væntanlega eykst vinnuálagið og fjarvistirnar líka, en fjölskyldan er því löngu von og kippir sér ekki upp við það. Krakkarnir eru líka orðnir stórir og löngu orðin von því að kallinn sé ekki alltaf mættur við matarborðið!“

– Ganga stjórnmalamenn að því sem vísu að starfinu fylgi mikið úthald?

„Já, í mínum huga er það eðlilegur fylgifiskur. Maður lifir ekki af pólitískt nema að vera í sambandi við fólk í kjördæminu og það er líka mikilvægur hluti þess að sinna starfinu.“

– Sumarið er gjarnan sá tíma sem menn nota til að fara um kjördæmið – fyrstu víða um í ár?

„Já, ég náði nokkum veginum að fara um kjördæmið í meginatriðum og síðan hef ég líka átt mínar stundir í fríum. Við Sigrún kona mín tókum upp á því fyrir um sex árum að sækja í útivistir og það hefur eiginlega tekið hug minn. Ég er í gönguþópi með valinkunnum Vestfirðingum og við gengum á okkar hefðbundnu slóðum á Hornströndum og vorum á gangi fimm daga í sumar. Það er gífurlega gaman og frí af þessu taginu fylla mann mikilli orku – þannig finnst manni allir vegir færir að þeim loknum. Ég geri því ráð fyrir að ef erfðileikar steðji að í starfinu skelli maður sér bara norður á Strandir og sækir aukna orku. Þetta er eiginlega ólýsanlegt. Í gönguferðum, með tjald, viðlegubúnað og bakpoka á bakinu verður amstur hversdagsins og erillinn í nútímalífinu

svo óskaplega ómerkilegur og í svona góðra vina hópi myndast alveg einstök upplifun, sem er mér og okkur Sigrúnu alveg ómetanleg.“

Útvegurinn þarf að vera samkeppnisfær

– Nú bar þetta brátt að...

„Já, það gerði það og ég átti ekki von á að til þessa myndi koma – ekki á þessu hausti að minnsta kosti. Hins vegar hef ég hef verið formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins á þessu kjörtímabili og neita því ekki að ef kæmi til uppstokkunar á ráðherraári þá teldist ég líklegst ráðherraefni. Ákvörðun formanns Sjálfstæðisflokksins um að hætta í ríkisstjórn og gefa ekki kost á sér sem formaður að nýju kom mér í opna skjöldu. Tillaga hans um að ég tæki að mér starf sjávarútvegsráðherra bar líka mjög brátt að.“

– Er það rétt metið að þetta sé sáráðherraátt með þú hafir mestan áhuga á?

„Jú það er alveg rétt, það er fátt ef nokkuð sem ég hef eins mikinn áhuga á og sjávarútvegsálum. Ég er náttúrlega alinn upp í þessum jarðvegi, frændfólk mitt, faðir og afi stóðu fyrir miklum sjávarútvegsrekstri svo maður er alinn upp við þessa umræðu. Sjálfur starfaði ég á þessum vettvangi og er að taka við starfi sem ég hef mikinn áhuga á og tel það heimlikinn styrk. Mér finnst einfaldlega sjávarútvegurinn svo skemmtileg atvinnugrein. Þar er öflugt og kraftmikið fólk og afskaplega mikið aðgerast á vettvangi greinarinnar

– meira en margir gera sér í hugarlund.“

– Þær breytingar hafa átt sér stað á síðustu tíu árum eða svo að sjávarútvegurinn er ekki lengur sú miðja íslenska efnahagslífsins sem hann var áður – að minnsta kosti er ekki horft til hans sem slíks.

„Það er rétt og að mörgu leyti held ég að það sé mjög gott fyrir sjávarútveginn. Það er ekki þægilegt að starfa innan atvinnugreinar sem hefur þá sérstöðu að vera mjög ráðandi fyrir eitt þjóðfélag. Auðvitað skiptir það miklu máli fyrir okkur að fá fleiri stöðir undir efnahagslífið en það þýðir ekki að vægi sjávarútvegsins hafi minnkað í sjálfu sér en hlutfallslegt vægi hans minnkar þegar nýjar greinar koma inn. Hins vegar mun sjávarútvegurinn verða hryggjarsúlan í íslensku efnahagslífi um fyrir-sjáanlega framtíð, þrátt fyrir mikla uppbyggingu í stóriðju, vöxt í ferðaþjónustu og aukin umsvif fjármálaþjónustu svo öflugar vaxtargreinar séu nefndar.“

Síðan er mjög greinilegt hversu hratt sjávarútvegurinn er að breytast. Hann þarf að keppa um fólk og fjármagn svo það er mjög mikilvægt fyrir okkur í hinna pólitísku forystu hvernig við getum stuðlað að því að greinin sé samkeppnisfær. Ef hún getur ekki laðað til sín fjármagn á hagstæðum kjörum og ráðið til sín besta fólk þá verður hún einfaldlega undir. Ég lít svo á að þetta sé annað af þeim höfuðmarkmiðum sem ég mun setja mér á stóli sjávarútvegsráðherra.“

Fiskveiði- stjórnin í skoðun

– Ertu farin að leggja drög að breytingum á sjávarútvegsstefnunni í þinni ráðherraárið? Hverju mega menn eiga von á?

„Ég vil orða það þannig að ég verð ekki sjávarútvegsráðherra sem leiðir greinina inn í einhverja kollsteypu og ég verð heldur ekki sjávarútvegsráðherra sem snýr klukkunni til baka. Auðvitað munu koma fram nýjar áherslur með nýjum manni. Mitt áhugasvið mótast af því sem ég hef verið að fást við og það sem ég tel vera megin viðfangsefni. Þannig er ég auðvitað spottinn upp úr vestfirskum jarðvegi og skil vel hvernig sjávarútvegurinn, landsbyggðin og byggðamálín tvinnast mikið saman en maður má hins vegar aldrei missa sjónar á því, sem er stóra málið, að þessi atvinnugrein verður að vera eins arðvænleg og hugsast getur. Ein forsenda þess er að það ríki friður innan greinarinnar, og í garð hennar, meiri friður en oft hefur verið svo stjórnendur og starfsfólk þurfi ekki að einbeita sér að átökum heldur geti sett kraftana í reksturinn sjálfan.“

Eitt af því sem maður hlýtur að horfa til er fiskveiðiráðgjöfin. Við erum í þeirri ömurlugu stöðu að okkur gengur ekki neitt við uppbyggingu okkar helsta nýtjastofns þorsksins, þó ýmsir aðrir stofnar hafi eflst. Þessi staða þorsksins er náttúrlega óskaplegt áhyggjuefni og eitthvað sem ég ætla að sökkva mér niður við. Þann-

ig vil ég fylgja eftir því sem fyrirrennari minn í starfi lagði upp með að það yrði efnitil umfangsmikillar umræðu um þessi mál. Ég vil auka mjög tengslin við starfandi fólk í sjávarútvegi varðandi þennan þátt og það er eitt af þeim áhersluatriðum sem ég mun láta koma fram í mínu starfi, fyrr en síðar.“

– Nú hafði þú Einar Oddur talað fyrir því að þessi hlutir verði hugsaðir upp á nýtt, mega menn eiga von á uppstokkun á starfsemi Hafrannsóknastofnunar eða endurskoðun á hlutverki hennar?

„Ég vil sjá að það skapist alvörum umræður um fiskveiðiráðgjöfina og að þátttakendur í henni verði ekki bara úr Hafrannsóknastofnun sjálfri heldur komi víðar að úr vísindasamfélaginu. Álíka hluti höfundarinnar er að þátttökum um við séð gerast víðar í þjóðfélaginu. Hér áður fyrr var efnahagssumræðan bundin við fari af stað, því að í mínum huga náum við aldrei neinum árangri nema að fara í gegnum umræðu þar sem margvísleg sjónarmið koma fram.“

„Sjávarútvegs- ráðherra, punktur!“

– Sjávarútvegsuræðan er afskaplega hagsmunadrifin og

Þess berra starfa út á m árangursleysi

Texti: Kristinn Hermannsson. Ljósmyndir: Gollí og Gunnar Þórðar.

Það er mikið í húfi fyrir ólíka landshluta og útgerðarflokka. Verður þetta ekki ljónagryfja að kasta sér út í?

„Þetta er örugglega heilmikið og erfitt verk. Ég geri mér mjög vel grein fyrir því af því ég hef starfað svo lengi við sjávarútveginn. Á því leikur enginn vafi að í hugum margra er ég mjög merktur maður með skoðanir sem eru mjög umdeildar og ég ætla mér ekki að vera óumdeildur sjávarútvegsráðherra. Þannig vitna ég í minn gamla félag Matthías Bjarnason sem vildi síst láta segja um sig að hann hefði verið hvers manns hugljúfi – ég vona að a.m.k. að um mig verði ekki sagt að ég hafi verið hvers manns hugljúfi í stól sjávarútvegsráðherra.

Ég mun þurfa að taka erfiðar ákvarðanir og mun þurfa að setja fram umdeild sjónarmið og ég mun gera það.

Síðustu dagar hafa verið skemmtilegir að því leyti að það má segja að þeir hafi verið kjörinn tími til að koma inn í starfið því daginn eftir að útnefning mín var tilkynnt hófst sjávarútvegssýningin. Þar hitti ég óhemju fjölda fólks. Mér skilst að fréttin um að þessi voðalegi Vestfirðingur væri orðinn sjávarútvegsráðherra hafi farið þar um eins og eldur í sínu. Upp úr því spruttu alls konar skemmtilegar sögur um að nú væri krókamálaráðherrann kominn í valdastöðuna. Þannig sagði gamansamur Vestmannaeyingur við mig að nú væri ráð að draga Vestmannaeyjar norður undir Vestfirði svo þeir ættu möguleika á að njóta afrakstursins. Suðurnesjamaður kom til mín, og mér þótti satt best að segja mjög vænt um það, hann klappaði harkalega á bakið á mér og sagði, „ætlar þú að vera eins duglegur fyrir Suðurnesjamennina og vini þína fyrir vestan?“ Þegar menn spyrja hvort ég ætli að vera sjávarútvegsráðherra míns kjördæmis eða sjávarútvegsráðherra alls landsins þá er mitt svar mjög einfalt – ég ætla að vera sjávarútvegsráðherra, punktur!“

– Er hægt að sætta sjónarmið stórutgerðarmanna eins og t.d. Þorsteins Más á Akureyri við sjónarmið smábátamanna hér og svo aftur sætta þá aðila við





t.d. loðnuskipstjóra á Suðurnesjum, svo eitthvað sé nefnt?

„Við erum mikið nær því en áður, a.m.k. eru þessar hefitarlegu deilur á opinberum vettvangi að baki. Auðvitað er það þannig að það verða alltaf til hagsmunaárekstrar og þannig hefur það alltaf verið. Ég hef t.d. ekki setið fundi þar sem er tekist jafn harkalega á eins og þegar trillukarlar og snurvoðaskipstjórar hafa hist. Einu sinni var sagt að deilurnar hefðu jafnan verið svo harðar þegar verið var að skipta innfjarðarrækjukvótanum í Ísa-fjarðardjúpi að menn hefðu ekki kallað það fund fyrr en að stólar fóru að fljúga – þannig er ekkert nýtt að tekist sé á. Í sjávarútveginum eru á ferðinni miklir hagsmunir og oft menn með strítt skap og ákveðnir, sem vinna við þannig aðstæður. Stóra málið er aftur á móti að við höfum sameiginlega grundvallarhagsmuni og í þessari stöðu sem við erum í dag með hátt gengi og í meiri samkeppni um fólk og fjármagn við aðrar atvinnugreinar en verið hefur, þá eiga menn fyrst og fremst að horfa til þess að ná saman um að rekstrarskilyrðin verði sem best og hins vegar að það verði friður inni í greininni og í garð greinarinnar.”

Eftirlit ekki svarið við brottkasti

– Hvað með brottkastið? Menn hafa verið mistilbúnir til að viðurkenna tilvist þess opinberlega en þegar rétt er við sjómenn undir fjögur þá er það venjulegur hluti starfsins. Þar að auki má segja að út frá efnahagslegum sjónarmiðum megi búast við því að menn stundi brottkast. Hver verður

þín lína í þessu máli?

„Brottkast er náttúrulega mjög alvarlegur hlutur og því miður viðgengst það í sjávarútvegi vítt og breitt um heiminn og einnig hér á landi. Hér hafa verið gerðar kannanir bæði á vefum Haffransóknastofnunar og Gallup og það sem m.a. hefur komið í ljós er að það virðist vera samræmi í aðferðarfræði Hafró og í niðurstöðum skoðanakönnunar Gallup. Þessar niðurstöður sýna að það er brottkast og það virðist vera mismunandi eftir tegundum og árum.

Mitt svar er að við eigum ekki að bregðast við með auknu eftirliti, þvert á móti eigum við að fara ofan í þennan eftirlitsiðnað í kringum sjávarútveginn – hann er einfaldlega allt of dýr. Hins vegar hef ég sjálfur staðið í því með núverandi sjávarútvegsráðherra að þróa löggjöf sem beitir hagfræðilegum lausnum við að draga úr brottkasti, þá á ég við hluti eins og svokallaðan Hafró kvóta og ívilnandi reglur fyrir löndun á undirmáli. Afrakstur þessa er að það hefur augljóslega dregið úr brottkasti og mín afstaða er að það eigi frekar að þróa svona hagrænar lausnir sem letja menn í brottkasti heldur en að breyta sjávarútveginum í lögregluríki.”

– Kerfið bjó til þennan efnahagslega hvata fyrir brottkasti á sínum tíma.

„Já, það bjó til þennan hvata og með því að búa til möguleika á að menn geti landað 5% aflans án þess að það sé skráð í kvóta og síðan selt á markaði þannig að afraksturinn fari til fiskifræðilegra verkefna, og svo líka að menn fái ívilnun ef þeir landa undirmálsfiski drögum við úr hvat-

anum. Þetta eru efnahagslegar aðgerðir – hagfræðilegar aðferðir við að draga úr tilefni til brottkasts og þetta hefur svínvirkað.”

– Munt þú taka jafn hart á brottkastsmálum sama hvort lítil útgerð á Tálknafirði eða t.d. Samherji á í hlut?

„Það eiga auðvitað allir Jónar að vera jafnir fyrir lögunum. Meðan ég var formaður sjávarútvegsnefndar þá beitti ég mér fyrir breytingum á löggjöfinni til að búa til meiri sveigju í þessum efnunum. En þegar fólk sýnir einbeittan brotavilja sem miðar að því að henda fiski úr auðlindinni okkar þá er það alvarlegur hlutur og algerlega ófyrirgefnaður. Ég verð ekki mildur gagnvart slíkum atvikum – það er glæpur gagnvart auðlindinni og gagnvart af-

komendum okkar. Hins vegar ef menn slyst til að vera farnir framúr með fáein kíló af kola, þá held ég að menn hljóti að geta búið til aðferðir sem sýni eitthvað umburðarlyndi í þeim efnunum.”

Smábátarnir sáttaleið

– Þú ert of nefndur í sömu andrá og smábátatúgerð sem á síðustu árum er orðin stór atvinnugrein á Vestfjörðum. Hvernig eru staða horfur greinarinnar?

„Smábátatúgerðin í dag, er miklu öflugari og stendur miklu styrkari fótum en sú smábátatúgerð sem var fyrir fimm árum eða tíu árum. Þær breytingar sem við höfum verið að gera, þær hafa einfald-

lega verið að styrkja undirstöðu þessarar greinar og maður þarf ekki annað en að fara um t.d. í höfnum á Vestfjörðum til að sjá að þessi útgerðarmáti er auðvitað orðinn miklu kröftugri en áður. Það hefur fækkað í sumum flokkum innan smábátatúgerðarinnar en við sjáum líka að heildarlega er hún að eflast og er efnahagslega mikið sterkari útgerð en hún var hér áður og fyrr.

Ég man vel fundi sem við vorum kallaðir á um smábátatúgerðina, þáverandi þingmenn Vestfjarðakjördæmis, á Þingeyri 1995 en þá var í gildi svokallað banndagakerfi. Þá sagði mætur útgerðarmaður að staðan í væri einfaldlega þannig að þeir gætu hvorki lifað né dáíð. Ef þeir héldu áfram að

gera út væri rekstrargrundvöllurinn vonlaus og ef þeir reyndu að selja dygði afraksturinn ekki fyrir skuldunum.

Þær breytingar sem við höfum framkvæmt, hafa gert það að verkum að forsendurnar fyrir útgerðinni eru mun betri en áður og við höfum jafnvel verið sakaðir um það, þingmenn sem höfum barist fyrir því að auka veiðirétt smábátanna, að við séum að gera útgerðarmenn þessara báta of ríka. Ég kann því mun betur að vera sakaður um að gera einhvern of ríkan en of fátæk-an.”

– Þessi þróun fer ekki fram í tómi. Má færa rök fyrir því að uppgangurinn í smábátatúgerð sé að koma öllum landsmönnum til góða fyrir tilstilli ýmis konar tækni og aðferða



Gönguhópurinn sem Einar Kristinn og eiginkona hans tilheyrir í Fljótavík í sumar: F.v. Einar Jónatansson, Guðrún B. Magnúsdóttir, Einar Kristinn Guðfinnsson, Sigrún J. Þórisdóttir, Kristín Hálfánardóttir, Þorsteinn Jóhannesson, Margrét Kristín Hreinsdóttir, Anna Kristín Ásgeirsdóttir, Gisli Jón Hjaltason, Hanna Jóhannesdóttir, Andrés Kristjánsson, Flosi Jakobsson, Díana Hólmsteinsdóttir og Viðar Konráðsson.

sem hafa þróast í greininni og Íslendingar hafa þannig vissit forskot í?

„Það er engin vafi á því og það hefur skapast þekking og iðnaður sem annars hefði ekki orðið til. Ég held líka að þetta hafi verið liður í því að búa til betra samkomulag og meiri sátt um sjávarútveginn. Að minnsta kosti fullyrði ég að ef við hefðum ekki búið til þessi úrræði þá hefði ríkt stórstyrjöld um íslenskan sjávarútveg og guð má vita hvernig það hefði farið. Ég held að það hefði farið mjög illa fyrir greininni að lokum. Ég vil segja við þá sem hafa verið að gagnrýna mig og fleiri fyrir að hafa lagt of mikla áherslu á að auka aflahlutdeild smábáta, að þetta var ein forsenda þess að það skapadist meiri friður um greinina.

Menn hafa stundum verið að velta því fyrir sér hver væri sérstaða Vestfjarða í tengslum við sjávarútvegsmálin. Ég vil segja að það sem er gott fyrir sjávarútveginn á Íslandi er gott fyrir Vestfirði. Hagsmunirnir fara einfaldlega saman.”

Vestfirskir ráðherrar ekki líöin tíó

– Gífurlegar breytingar hafa átt sér stað á síðustu 10 árum, að ekki sé talað um síðustu 15 eða 20. Mega menn eiga von á viðlíka umröti í vestfirskum sjávarútvegi á næstu 5 til 10 árum?

„Nei, en ég held að við munum sjá mjög öra þróun. Þegar maður ræðir við tæknifyrir-tækin í greininni og kaupendur á alþjóðlegum markaði þá eru flestir sammála um að við eigum eftir að sjá miklar tæknibyltingar á vinnsluhlíðinni. Vélmannatækni mun leiða það af sér að vélrænni og einhæfari störfin munu hverfa en þá er það stóra verkefnið hvað annað komi í staðinn? Þannig held ég að sjávarútvegurinn eigi eftir að breytast mjög mikið á næstunni. Hvort það verður á 3 árum eða 5 árum skal ég ekki segja um en ég held að breytingin sé óumflýjanleg.”

– Ráðherrar hafa talsvert aðra aðkomu að málum en þingmenn. Nú verður þú í innsta hring stjórnunar landsins, þar sem frumkvæðið er, ef svo má segja. Mun þetta hafa í för með sér aukin pólitísk áhrif fyrir Vestfirði og Norðvesturkjördæmi?

„Ég vona það svo sannarlega og finn það sjálfur á þeim kveðjum sem ég hef verið að fá frá Vestfjörðum og úr mínu kjördæmi að skipan mín hefur vakið mjög jákvæð viðbrögð, ég var t.d. mjög þakklátur bæjarstjórnnum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar fyrir að senda mér hlýjar kveðjur í tilefni tíðindanna – ég er ákaflega þakklátur fyrir góðar kveðjur sem ég hef verið að fá víða að símleiðis, í tölvupósti og smáskilaboðum. Menn hafa sagt við mig að þetta sé vissi viðurkenning á stöðu Vestfjarða. Sú umræða hafði verið heilmikið í gangi að nú væru tímar

þeirra stjórnmalamanna liðnir sem væru skipað í fremstu röð í ríkisstjórn frá Vestfjörðum. Þessi ákvörðun um að ég verði sjávarútvegsráðherra hefur auðvitað sýnt að þetta er rangt og ég vona að þetta geti orðið liður í því að efla sjálfskraustmanna og hvetja til að dáða – að þingmaður kjördæmisins hafi notið stuðnings, trúnaðar og trausts til að takast á við þetta mikilvæga embætti. Við vitum að víða í þjóðfélaginu hafa verið efasemdir um skynsemi þess að Vestfirðingur sæti í stóli sjávarútvegsráðherra af ýmsum ástæðum en nú hefur minn flokkur a.m.k. sýnt það í verki að hann treystir mér til þess og þær hlýju óskir sem ég hef verið að fá frá fólki í öðrum stjórnmalaflokkum benda til þess að menn hafi fulla trú á því að Vestfirðingur geti gegnt þessu starfi.”

– Purfa Vestfirðingar að sanna sig, jafnt í pólitískum skilningi og eins að það sé þess virði að fjárfesta í framtíð svæðisins?

„Ég held að þetta sé ein sönnun þess að menn hafi mikla trú á því sem við erum að gera á Vestfjörðum og vonandi einhver viðurkenning á þeim málstað sem við höfum verið að berjast fyrir – að reyna að nota sjávarútveginn til að treysta sjávarbyggðirnar í landinu.”

Stóra verkefnið að tengja saman byggðir

– Fyrir skemmstu urðu mikil tíðindi í samgöngumálum og það er sérstaklega merkilegt að menn horfa fram á að Djúpvægi verði lokið árið 2008 og á sama ári verði lokið nýjum vegi um Arnkötludal og Gautsdal. Hvað sérðu fyrir þér framundan, hvað verða næstu baráttumál?

„Núna er það að gerast að við erum að kasta aftur fyrir okkur og ljúka málum sem hefur verið glímt við ansi lengi. Þannig verður ástætt 2008 að við verðum búin að tengja norðanverða Vestfirði og Strandasýslu við aðal þjóðvegakerfi landsins. Þetta eru auðvitað ótrúlegar fréttir og einstaklega ánægjulegar, m.a. fyrir mig persónulega því ég hef haft Arnkötludal og Gautsdal sem eitt af mínum stóru áhersluefnum í stjórn-málum. Þetta eru mikil gleðitíðindi og ekki síður hitt að með því að setja svona mikla peninga jafnframt í vegagerð í gömlu Gufudalssveitinni í Austur-Barðastrandarsýslu þá verður staðan sú þar að frá og með síðari hluta næsta árs verðum við með nægjanlegt fjármagn til að halda uppi fullum dampi við vegagerð á þessu svæði. Þegar núverandi vegaáætlun lýkur árið 2008 verða búin risakref í vegamálum á þessu svæði og staða Vestur-Barðastrandarsýslu í samgöngulegu tilliti verður orðin gjörbreytt.

Þetta þýðir hins vegar ekki að öllum okkar verkefnum verði lokið. Ég vil nefna

tvennt. Stóra málið er að ljúka vegtengingu milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða með jarðgöngum, hitt er að ljúka uppbyggingu veganna frá Súðavík um Ísafjörð til Bolungarvíkur svo sú leið verði líkust því að um innanbæjarleið sé að ræða. Þannig verði þessi kjarni, þ.e. Ísafjarðarbær, Súðavík og Bolungarvík fullkomlega eitt atvinnu- og þjónustusvæði svo menn geti farið til vinnu á milli þessara staða áfalla og vandræðislaust. Þetta held ég að yrði til þess að styrkja fyrir alvöru í sessi svæðið á norðanverðum Vestfjörðum.”

– Er um álíka mikilvægt verkefni að ræða og Vestfjarðagöngin voru á sínum tíma? Íbúafjöldinn í Bolungarvík og Súðavík er áþekktur og í Ísafjarðarbæ vestan heiða.

„Þetta er alveg örugglega hárrétt og við munum vel hvað gerðist þegar jarðgöngin komu. Auðvitað er ekki að öllu leyti líku saman að jafna, vegasamgöngurnar milli Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur eru náttúrlega margfalt betri en voru þegar menn þurftu að fara yfir Breiðadals- og Botnsheiðar og fyrir Dýrafjörð. Engu að síður er það þannig að sú uppbygging sem við höfum þrætt fyrir allt unnið á þessum vegum er ekki fullnægjandi. Þar að auki virðist sem aðstæður séu að versna á Óshlíðinni og þá verða menn að bregðast við því. Þetta er óhefðbundin vegagerð í þeim skilningi að fyrst og fremst er verið að bregðast við öryggissjónarmiðum þó vegurinn sjálfur sé góður.”

– Má líkja þessu við tvöföldun Reykjanesbrautar, þar sem það var ekki umferðarmagnnið sem krafðist tvöföldunar heldur öryggið?

„Ég held að á margan hátt

sé þetta dæmi um það og undir stjórn núverandi samgönguverðra og sunnanverðra Borgarfirði þá er byggðahéfur sem betur fer verið lögð mikil áhersla á umferðaröryggismálin og þetta er mjög í þeim anda.”

Höfuðborgin ekki án skyldna

– Fyrir utan óregluleg fram-lög til vegamála eins og nú við sölu Símans og átak í vegamálum á Vestfjörðum sem kynnt var vorið 2003 þá fer ekki mikið fé til uppbyggingar vegakerfisins miðað við önnur útgjöld. Í grófum dráttum fara 15 milljarðar til málaflokksins samgöngumála en til beinnar uppbyggingar á vegum á landinu öllu fara um 6 milljarðar, er þetta nóg til að hægt sé að mæta frum uppbyggingunni eins og hér á Vestfjörðum á sama tíma og endurnýja þarf veigamikil samgöngumannvirki syðra vegna aukinnar umferðar? Er þetta ekki allt of lítið?

„Ég held að það sé mikið til í því að við þyrftum ennþá meiri peninga í vegagerð. Mér hefur aftur á móti verið bent á að sem hlutfall af landsframleiðslu séum við að leggja meira til samgöngumála en aðrar þjóðir. Það helgast auðvitað af því að við búum í strjálbýlu landi og það er dýrt að leggja vegi t.d. um fjöll og undir fjöll. Hins vegar sjáum við þar sem farið er út í vegagerð, eins og t.d. í tilvikum jarðganganna á norðanverðum Vestfjörðum, þá er eins og leysist úr læðingi heilmikill miðum þó vegurinn sjálfur sé góður.”

– Má líkja þessu við tvöföldun Reykjanesbrautar, þar sem það var ekki umferðarmagnnið sem krafðist tvöföldunar heldur öryggið?

„Ég held að á margan hátt

hefur tekist vel til eins og á Suðurlandsundirlöndun og í Borgarfirði þá er byggðahéfur sem betur fer verið lögð mikil áhersla á umferðaröryggismálin og þetta er mjög í þeim anda.”

– Þá komum við að öðru veigamiklu máli í samgöngumálum sem er í uppnámi um þess- ar mundir – það er framtíð Reykjavíkurflugvallar. Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ lýsti því yfir fyrir skemmstu að nú væri kominn tími til að menn færu að tala sig saman í þessu, hafa menn verið sofandi gagnvart málinu?

„Nei, það hefur náttúrlega verið ofsaleg harka í málinu vegna þess að þeir sem hafa verið að djöflast gegn Reykjavíkurflugvelli hafa gert það með ósanngjörnum hætti og ekkert viljað hlusta á röksemdir okkar sem hafa viljað að Reykjavíkurflugvöllur yrði áfram á sínum stað. Mér finnst Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, hafa leitt þetta mál vel og sýnt forystu í að velja upp öllum hugsanlegum flötum svo hægt verði að komast að einhverri niðurstöðu í þessum efnum. Það sem er auðvitað kraftaverkið er að þeir sem hafa hingað til talað fyrir því að flugvöllurinn ætti að hverfa, eru núna farnir að sjá að það væri stórháskalegt fyrir Reykjavík sem höfuðborg og sem þjónustumiðstöð að flugvöllurinn færi langt frá borginni. Ég hef ekkert nema gott um það að segja að menn séu að leita að einhverjum nýjum stöðum fyrir flugvöllinn og geri þá líka ráð fyrir að þeir sem telji sig hafa mestan ávinning af því að flugvöllurinn hverfi taki þátt í að greiða þann flutning, ekki erum við við skattborgarar á landsbyggðinni sem erum að biðja um Reykjavíkurflugvöllur fari úr Vatnsmýrinni, það eru einhverir aðrir að biðja um það og þeir hljóta þá að vera til

búnir að gjalda fyrir það einhverju verði.”

– Gjarnan er það mjög áberandi fólk og í góðum tengslum við fjölmörg sem hefur beitt sér fyrir brottflutningi flugvallarins. Stundum fær maður á tilfinninguna að fólk þurfi ekki að standa reikningsskil orða sinna í þessari umræðu – það virðist enginn vera krafinn um neina arðsemisútreikninga, kostnaðarútreikninga, eða neitt í þá veruna. Erum menn að berjast í ójafnri aðstöðu?

„Maður tekur auðvitað eftir því að í þessum spjallþáttum útvarpsstöðvanna er ótrúlega stór hópur fólks sem hefur það að markmiði í sinni krossför að berjast gegn Reykjavíkurflugvelli og það sýnir ekki síst hversu þröngt sjónarhorn verður til við mikrófónana hjá útvarpsstöðvunum. Það hefur algjörlega skort á að menn svari grundvallarspurningum eins og um kostnað – hver verður hann og hver á að bera hann? Og svo gleyma menn einu. Við erum að setja fleiri milljarða í ráðstefnuhús í Reykjavík. Þangað ætlum við að flytja marga ferðamenn frá útlöndum. Fari flugvöllurinn af Reykjavíkursvæðinu er verið að girða fyrir að þessir ferðamenn fari út á land. Og svo erum við að leggja milljarðatugi í nýtt hátækniútkrahus fyrir alla landsmenn. Á sama tíma er verið að hóta okkur því að rýra aðgengi almennings á landsbyggðinni að þessari nýju fullkomnu þjónustu. Þetta er alveg óskapleg ósvífni. Ég veit satt að segja ekki hvað á að segja um fólk sem talar af svona skeytingarleysi og fantaskap gagnvart landsbyggðinni. Annað hvort er þekkingarleysið svona mikið eða innrætið ekki skárta”

– Stjórnmalafólk á Suðurnesjum mynduðu nýverið samtök um að flytja innan-



landsflugið til Keflavíkflugvallar. Hefurðu heyrt eitthvað í Suðurnesjamönnum um þessi mál? Það er ekki hægt að verjast tilhugsuninni að það sé beinlínis ósmekklegt þegar einn hópur landsbyggðarmanna beinlínis tekur það upp að berjast gegn hagsmunum annars.

„Ég held að þeir sjái einfaldlega hagnaðinn í því að fá þessa atvinnustarfsemi. Það munar ekki smávegis um slíka starfsemi, en maður hefur átt erfitt með að skilja að kjörnir fulltrúar höfuðborgarinnar hafa talað mjög niður þýðingu Reykjavíkflugvallar fyrir atvinnulífið á því svæði. Þetta er hins vegar greinilega að breytast og maður tekur eftir því að þeir sem eru að tala fyrir annarri staðsetningu Reykjavíkflugvallar, fólk úr röðum borgarstjórnar eða þingmanna Reykjavíkur, tala með mikið meiri hófstillingu en áður. Sem betur hefur það skilað sér í gegn úr málflutningi okkar að þeir eru farnir að gera sér grein fyrir þýðingu flugvallarins fyrir svæðið sitt.“

– Horfurnar hafa ekki virst góðar að undanfögnu, á flugvöllurinn stuðningsmenn utan landsbyggðarinnar?

„Hann á marga stuðningsmenn og maður verður mjög var við það. Ljósasta dæmið um það er að í atkvæðagreiðslunni sem fór fram um hann á sínum tíma skiptust menn nær jafnt í fylkingar. Reykvikíngar margir hverjir gera sér grein fyrir þýðingu flugvallarins fyrir sína atvinnustarfi, og ekki síður hitt, sem menn mega ekki gleyma, að höfuðborgin hefur í sjálfu sér einhverjar skyldur og því er það dapurlegt þegar menn tala eins og höfuðborgin hafi ekki einhverjar skyldur við samfélagið sitt í heild.“

Háskólamálin njóta stuðnings

– Nú hefur þú verið töluvert lengi á sviðinu, þingmaður frá



árinu 1991. Finnst þér eins og það hafi orðið þróun í umræðunni hjá okkur um byggðamálin og hvernig er unnið að þeim?

„Mér finnst mikil gerjun hafa verið í gangi og finnst menn vilja gera mikið meiri kröfur til sjálfs sín um þessa byggðamræðu. Þegar ég settist í stjórn Byggyðastofnunar árið 1995 þá beitti ég mér fyrir því að stofnunin léti gera sérstaka rannsókn á orsökum búsetuöskunar. Þetta leiddi til mjög vandaðrar skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors í þessum efnunum sem lagði síðan grundvöllinn að þeirri byggðáætlun sem við bjuggum til. Þar var til dæmis lögð mikil áhersla á menntun. Ef við skoðum byggðáætlun sem var gerð þar á undan og byggðist ekki á bestu hugsanlegu

upplýsingum þá kom orðið menntun einu sinni fyrir í aukasetningu.

Ég held að þessi umræða um samþættingu menntunar og byggðamála hafi orðið miklu sterkari eftir þetta – eftir að menn sáu svart á hvítu að menntun, menntunargætt, fjölbreytni menntunar og framboð á háskólanámi, hefur allt líka byggðalegan tilgang fyrir utan þann tilgang sem menntun hefur í sjálfu sér. Þannig finnst mér að á margan hátt hafi umræðan þróast vel. Hins vegar hefur okkur ekki tekist að breyta þessum orðum í verk hvað varðar uppbyggingu í atvinnumálum. Okkur hefur ekki tekist til dæmis að stuðla að uppbyggingu opinberra starfa á landsbyggðinni eins og við ætluðum okkur að gera. Fyrir því eru flóknar ástæður

en þar held ég að okkur hafi mistekist einna verst í byggðamálu á undanfögnu árum.“

– Hvernig geta menn brugðist við því, er eitthvað hægt að ráða við kerfið?

„Við getum náttúrulega ekki gert annað en halda áfram þessari baráttu og halda áfram að tala fyrir okkar málum. Vonandi getur maður haft einhverja áhrif á samfélagið. Það hefur fjölgað stofnunum og gert vinnumarkaðinn á þessum stöðum breiðari en það hefur einnig sýnt að þessi flutningur á störfum og verkefnum hefur lukkast vel – það veldur ekki vandræðum.“

– Óhætt er að segja að á Vestfjörðum hafi menn ekki hvað síst haft áhuga á uppbyggingu þekkingarstarfsemi og þá náttúrulega háskólakennslu. Í því er óhjákvæmilegt að fjármagnnið verður að einþað versta sem segja má um

árangursleysi okkar í byggðamálu. Menn sjá að þar sem slík opinber starfsemi hefur verið sett niður eins og á til dæmis á Sauðárkróki og á Akranesi, með Landmælingum, Byggyðastofnun og með starfsemi frá Íbúðalánasjóði, hefur það haft gríðarlega mikil og jákvæð áhrif á samfélagið. Það hefur fjölgað stofnunum og gert vinnumarkaðinn á þessum stöðum breiðari en það hefur einnig sýnt að þessi flutningur á störfum og verkefnum hefur lukkast vel – það veldur ekki vandræðum.“

– Óhætt er að segja að á Vestfjörðum hafi menn ekki hvað síst haft áhuga á uppbyggingu þekkingarstarfsemi og þá náttúrulega háskólakennslu. Í því er óhjákvæmilegt að fjármagnnið verður að einþað versta sem segja má um

unni – munu menn ná árangri í því að koma á fót háskólarannsóknunum og háskólakennslu?

„Ég tel að við höfum allar forsendur til þess og það sem við erum að sjá gerast með háskólasetrinu eru mjög merkilegir hlutir. Ef að nægir nemendur hefðu fengist í svokallað fornám í haust þá hefði staðbundin kennsla á vegum háskólasetsins getað hafist í haust. Það tókst ekki og mun þá örugglega fara af stað síðar, annað hvort eftir áramótin eða á næsta hausti, en þetta er starfsemi sem við hljótum að binda mjög miklar vonir við. Ég finn ekki annað en að þetta njóti mjög mikils stuðnings meðal stjórnsmálmanna, að ég tali ekki um meðal heimamanna“, sagði Einar Kristinn.

● Sælkeri vikunnar • Matthildur Valdimarsdóttir á Suðureyri

Gráðostafylltar kjúklingabringur og kókosbollu dúndur

Sælkeri vikunnar býður upp á gráðostafylltar kjúklingabringur í rjómasósu. Matthildur mælir með hrísgrjónum fersku salati og góðu hvítlauksbrauði sem meðlæti. Þá býður hún upp á gómsætan eftirrætt sem kallast kókosbollu dúndur og ber svo sannarlega nafn með rentu.

Gráðostafylltar kjúklingabringur í rjómasósu

8 stk kjúklingabringur
2 stk gráðostur
2 pelar rjómi
1 askja sveppir
2 stk laukur
Beikon eftir smekk

Salt
Svartur grófmalaður pipar

Hitið ofinn í 180°. Byrjið á að fylla bringurnar með ostinum og sneiða laukinn og sveppina. Skerið beikonið í bita. Brúnið bringurnar á pönnu með smjöri og látið í eldfast mót. Steikið beikonið og grænmetið á pönnunni í smjörinu og hellið svo rjómanum í. Kryddið með salti og pipar, svo má setja afganginn af ostinum út í sósunu. Hellið sósunni yfir bringurnar og setjið inni í ofn í 40 mín.

Kókosbollu dúndur Botnar

4 eggjahvítur

200 g sykur
4 dl kornfleks eða Rice crispies

Þeytið eggjahvítunar vel og setjið sykurrinn smátt og smátt út í. Myljið kornfleksíð varlega út í. Teiknið tvo hringi, 26 cm í þvermál, á bökunarpappír og skiptið blöndunni á hringina. Bakið í 2 klst. Við 120° hita.

Kókosbollurjómi

2-3 pakkar kókosbollur
½ l þeyttur rjómi
2 öskjur fersk jarðarber

Brjótíð botnana í stóra skál. Skerið kókosbollurnar í tvennt og setjið þær ofan á marengsinn og bætið svo rjómanum



við. Hrærið þessu öllu varlega saman.

Heit súkkulaðisósa

100 g rjómasúkkulaði

1 plata nestle crunch
1 peli rjómi

Setjið allt saman í pott og bræðið saman. Berið sósunu fram með kókunni.

Ég skora á Guðrínu Oddnýju Schmidt og Ingólfr Þorleifsson á Suðureyri til að vera næstu sælkerar vikunnar.

290 milljónir króna ráðgerðar til ný- eða endurbygginga vegakafla á Vestfjörðum

Alls er gert ráð fyrir um 290 milljónum til ný- eða endurbygginga vegkafla á Vestfjörðum á árinu 2005 og eru þá ótalin ýmis viðhaldsverkefni Vegagerðarinnar, svo sem yfirlagnir, viðhald á bundnu slitlagi og viðhald á malar slitlagi. Með stærstu verkum má

nefna nýbyggingu Drangsnesevegur frá Akranesi að Fiskinesi, en fjárveiting til þess verks nær yfir árin 2004 og 2005 og hljóðar upp á 102 milljónir króna.

Þá má nefna nýja brú yfir Laxá í Króksfirði, en gerð er ráð fyrir 87 milljónum í þá

frankvæmd. Reiknað er með 45 milljónum í nýbyggingu Djúpvegur um Svansvík, gerð snjóflóðaskápa og aðrar öryggisfrankvæmdir á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði fyrir 20 milljónir, færslu Pollgötu á Ísafirði fyrir 9 milljónir og nýbyggingu malarvegur milli

Ásmundarness og Kaldbaksvíkur á Ströndum fyrir 26 milljónir.

Með öðrum verkum Vegagerðarinnar sem eiga eftir að léttu Vestfirðingum lífið á ferðum sínum má nefna nýbyggingu Vestfjarðavegar um Svínadal á Vesturlandi. Um

er að ræða 13,5 kílómetra kaffla, en fjárveitingar í þessa frankvæmd eru sameiginlegar með Vestfjarðavegi að Flókalandi. Gert er ráð fyrir 100 milljónum til verksins á árinu 2005. Útboð fer fram í þessum mánuði, en áætluð verklök eru haustið 2007.

Þá er í Frankvæmdafréttum Vegagerðarinnar tekin til nýbyggingu Djúpvegur frá Kleifum að Eiði en gert var ráð fyrir 560 milljónum til verksins á árunum 2003-2005. Eins og kunnugt er átti því verki að ljúka haustið 2004 en verklök töfðust af ýmsum ástæðum.

Ólína Þorvarðar klagar Finnþoga

Ólína Þorvarðardóttir hefur farið fram á að útvarpsráð fjalli um fréttáflutning Finnþoga Hermannssonar, forstöðumanns Svæðisútvarps Vestfjarða, um málefni Menntaskólans á Ísafirði. Í bréfi sínu til útvarpsráðs segir Ólína að Finnþogi hafi „ítrekað farið út fyrir mörk hlutleysis og óhlut-

drægni í málflutningi sínum sem oftar en ekki hefur verið beint gegn skólameistara Menntaskólans á Ísafirði. Hefur þetta verið gert án þess að leitað hafi verið réttra upplýsinga hjá skólanum, mál borin undir skólameistara eða honum gefinn kostur á að tjá sig um það sem fram hefur

komið um embættisverk hans eða önnur málefni skólans. Hefur umfjöllun fréttamannsins á köflum verið bæði persónuleg og ærumeiðandi, auk þess að hafa takmarkað upplýsingagildi.“ Frá þessu var greint í Fréttablaðinu.

Þá segir Ólína að Finnþogi hafi „fyrirtæktuð öllu trausti skól-

ans til að upplýsa hlustendur á málefnalegan hátt um embættisfærslu skólameistara eða annað sem skólan varðar“. Með bréfi Ólínu til útvarpsráðs fylgir samantekt Björns Jóhannessonar, lögfræðings Menntaskólans á Ísafirði í máli sem Ingibjörg Ingadóttir, enskukennari við skólann, höfðaði gegn skólanum. Í samantektinni kemur fram hvað í umfjöllun Svæðisútvarps Vestfjarða teljist hlutdrægt og er nefnd umfjöllun um dómsátt í máli Ingibjargar gegn Menntaskólanum, umfjöllun um auglýsingar á lausum kennarastöðum við menntaskólann og umfjöllun um ráðningu í stöðu verkefnastjóra forvarna- og fé-



Ólína Þorvarðardóttir.

lagsmála við menntaskólann. „Þegar ég fjallaði um dómsmálin byggði ég fréttáflutninginn á gögnum; eðli málsins samkvæmt. Eins leitaði ég eftir sjónarmiðum hennar meðan hún vildi eitthvað við okkur tala,“ segir Finnþogi Hermannsson, sem vísar ásökunum Ólínu á bug. „Annars er þetta ekkert nýtt, hún hefur



Finnþogi Hermannsson.

hótað mér útvarpsráði næstum því eftir hverja frétt og mér er kunnugt um það að hún hafi hótað umsjónarmanni Kastljóss líka, svo hún hótar í allar áttir og það var nú kominn tími til að maður væri klagður fyrir útvarpsráði; sextugur maðurinn og búinn að vinna við þetta í tæp tuttugu ár,“ segir Finnþogi.



Sárið eftir frankvæmdirnar er nokkuð áberandi.

Sáð verður fræjum í sárin í Tungudal í vor

Margir hafa eflaust tekið eftir nokkuð umfangsmiklum frankvæmdum á Miðfells- svæði í Tungudal í Skutulsfirði, þar sem ný lyfta Skíðasvæðis Ísfirðinga er staðsett. Rífið hefur verið upp grjótt og urð svo hægt sé að slétta og

móta brautir sem taka snjó fyrir og betur en ella. „Þetta eru einfaldlega aðgerðir til að fanga snjó“, segir Jóhann Torfason forstöðumaður Skíðasvæðisins.

„Það er búið að móta og slétta svigbrekkur á Miðfells-

svæði og gera hryggi um tvær 600 metra langar brautir. Þá hafa nýjar leiðir á göngusvæðinu verið mótaðar endanlega. Búið er að fjármagna kaup á fræjum og áburði og það verður farið í að sá í sárin um leið og veður leyfir að vori“.

Tvær myndlistarkonur opna sýningu í Slunkaríki

Hæfileikar fólks teknir upp á myndband

Myndlistarkonurnar Anna Hallin og Ósk Vilhjálmisdóttir munu halda sýningu í Slunkaríki á Ísafirði í nóvember og eru þær nú á leið til bæjarins til að leita að fólki til að taka þátt í fyrirhugaðri sýningu.

„Við komum í júní og hittum fólk og tókum upp prufur.

Við fengum mjög jákvæð viðbrögð og erum því á leið aftur til Ísafjarðar til að taka upp meira efni. Við erum að leita eftir fólki sem vill sýna hæfileika sína, hvort sem það er leikur, söngur, töfrabrögð eða hvað sem er, til að hitta okkur og taka þátt í Tjáningatorginu

og leyfa okkur að taka sig upp með upptökuvél.“, segir Anna Hallin.

Anna og Ósk verða á Ísafirði frá 27.-29. sept. Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í Tjáningatorginu er bent á að hafa samband við Önnu í s: 699-1871 eða Ósk í s: 691-4212.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON MDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Helmasíða: www.tg.is

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Einbýlishús/raðhús:
Aðalstræti 22B: samtals 355 m² timburhús í miðbæ Ísafjarðar, veitingastaður á 1.hæð, 4 herbergja íbúðir á 2 og 3.hæð. Verð 22 m.kr.
Seljalandsvegur 12: 145 m² einbýlishús á þremur hæðum á góðum stað í bænum. Verð 6,8 m.kr.
Bakkavegur 8, Hnífsdal: 182 m² steinsteypt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.
4-6 herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 11: 85 m² fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hluta kjallara, samtals 123 m². Verð 8,0 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Stórholt 13: 79 m² íbúð á 2. hæð til hægri með yfirbyggðum svölum og sérgeymslu á jarðhæð. Verð 6,5 m.kr.

Stórholt 7: 74 m² íbúð á 1.hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli, þvottahús er í íbúð. Verð 5,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Sundstræti 34: 68 m² nýleg íbúð á jarðhæð með séringangang í uppgerðu fjölbýli. Verð 5,9 m.kr.
Urðarvegur 78: 64 m² íbúð á jarðhæð með séringangang, skipti möguleg á stærri eign í Bolungarvík. Verð 5,9 m.kr.
Urðarvegur 78: 77 m² stór íbúð á 3.hæð í miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 5,9 m.kr.

Eyrardalur 2: Fallegt 138 m² állkætt einbýlishús með 62 m² stórum bílskúr og grónum garði. Verð 22 m.kr.

Túngata 20: 89 m² íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr.
Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.
Aðalstræti 26a: 108 m² 4ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.

Aðalgata 16: 184 m² einbýlishús í sumarbyggð Súdavíkur. Verð 5,5 m.kr.
Túngata 10: 177 m² einbýlishús í sumarbyggð Súdavíkur. Verð 7,5 m.kr.
Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á helmasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Til leigu er 4ra herb. íbúð á eyri inni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 862 4430.

Til sölu er BMW 525ix, 4x4, árg. 94, sjálfskiptur, ekinn 183 þús. km. Verð kr. 790 þús. Uppl. í síma 852 2565.

Til sölu er MMC Pajero árg. 02, ekinn 60 þús. km, 1.8 l., sjálfskiptur. Verð kr. 1.350 þús. Uppl. í síma 852 2565.

Til sölu eru nýleg 33" heilsársdekk, ónegld. Fást á góðu verði. Uppl. í síma 895 0292.

Nú vikna kisustrákur gæst gefins. Uppl. síma 867 3612.

Óska eftir íbúð á leigu á Flatseyri. Er með ketti. Uppl. í s: 869 0884. Er ráðinn á sjo á Flateyri.

Vantar þig innbú. Hef til sölu svartan leðurhornsófa, 3 horn 2, og glerskáp. Í kaupbæti getur þú fengið hvíta rörhillu með glerskáp og tvö sófaborð. Uppl. í síma 847 3054.

Til sölu er MMC Carisma árg. '01, ekinn 57 þús km. Einn eigandi. Uppl. í síma 894 4032 og 854 4032.

Til sölu Toyota Avensis árg. '02, ekinn 99 þús km. Uppl. í síma 894 4032 og 854 4032.

Manneskju vantar til að þrifa sameign Fjarðarstræti 6, Ísafirði einu sinni í viku. Uppl. í síma 456 5481, Friða.

Barnavagn/kerra til sölu á 10 þús. kr. Einnig MMC Lancer Station 4x4 árg. '94. Uppl. í síma 845 1854.

2ja mán. kettlingur kassavanur fæst gefins. Uppl. í síma 456 4469 og 845 7246.

Er einhver að fara endurnýja búslóðina sína? Vantar húsgögn gefins. Uppl. í s. 849 5035.

Haustrfundur Kvinnadeildar SVFI á Ísafirði, verður haldinn miðvikud. 5. okt. kl. 20. Félagsskonur fjölmennið. Stjórnin.

Óska eftir rafmagnssteikarpönnu gefins eða fyrir lítið. Uppl. í síma 846 3245. Margrét.

Til sölu er MMC Pajero, dísel árg. '99, ekinn 183 þús. km. Uppl. í síma 861 7521.

Til sölu Hyundai Starex '98. Uppl. í s: 456 3286.

Kirkjustarf

Hvítasunnukirkjan Salem: Samkoma á sunnudaginn kl. 16:30 Söngur, bæn, Tinna Arnórsdóttir prédikar, Fyrirbærir. Vertu velkomin/n.

Teikningar tilbúnar um mánaðamót

Áætlað er að framkvæmdir við að gera Norðurtangahúsið á Ísafirði að fjölþýlishúsi hefjist upp úr mánaðamótum.

„Verið er að vinna að undirbúningi að uppbyggingu hússins og úttektum á tækjum og tólum sem þar eru inni. Teikningar verða væntanlegar tilbúnar um mánaðamótin og verður hafist handa við fram-

kvæmdir um leið og þær fást samþykktar af bænum“, segir Guðni Geir Jóhannesson, eigandi hússins.

Fyrsti áfangi framkvæmdanna felst í gerð 12 íbúða að stærð frá 90 fermetrum upp í 110 fermetra ásamt bílageymslu fyrir 12 bifreiðir. Þá segir Guðni að töluverður áhugi sé nú þegar fyrir íbúðunum.

„Fólk hefur mikið spurt um íbúðirnar og óskað eftir því að fá að sjá teikningar. Ferlið hefur tekið langan tíma en það er eðlilegt þegar ráðist er í svo miklar framkvæmdir“, segir Guðni Geir.

Um er að ræða eystra Norðurtangahúsið sem stendur við Sundstræti 36 en það er 2.800 fermetra iðnaðarhúsnæði sem



Sundstræti 36 á Ísafirði.

var byggt upp af Hraðfrystihúsinu Norðurtanganum hf. en hlaut úreldingu sem fiskvinnsluhúsnæði og komst þannig í eigu Þróunarsjóðs

sjávarútvegsins árið 1997. Síðan hefur húsið staðið ónotað og skipt nokkrum sinnum um eigendur.

– thelma@bb.is



Nokkuð er af fiski í pollinum. Mynd: Grétar Sigurðsson.

Gjöf full drullupollur

Nokkuð er af laxi í litlum drullupollum í Engidal í Skutulsfirði sem skapast hefur við jarðrask, en vinnuvélar eru nú að störfum á svæðinu. Í gegnum pollinn rennur á og er sem fiskurinn gangi upp hana á flæði. Grétar Jónasson varð var við fiskinn þegar hann var ásamt börnum sínum að leika á svæðinu. „Ég var bara að leika mér með krökkunum og var ekkert sérstaklega að reyna að veiða þegar ég sá fiskinn. Það var rosalega mikið af honum. Svo kíkti ég aftur í gær og þá voru þar þrjár stórir laxar“, segir Grétar. Hann segir að laxinn hafi ekki tekið í pollinum, en það hafi 7 vænar bleikjur aftur á móti gert.

– halfdan@bb.is

Heimilisköttur varði heimili sitt

Óvenjuleg slagsmál áttu sér stað fyrir utan heimili í Dýrafirði á dögunum er heimiliskötti lenti saman við töfu. „Ég var að kalla á kisu inn fyrir nóttina og þá svaraði mér grimmmilegt urr úr runna skammt frá dyrunum. Þar var kötturinn eins og blöðruselur uppblásinn af illsku og stressi

og hafði króað af töfu. Senni-lega hefur þarna verið um að ræða yrdling frá því í sumar en hann var orðinn fullvaxinn. Ég laumaðist til að ná í haglaþysson og aflífaði kvikindið“, segir Sæmundur Þorvaldsson húseigandi.

Aðspurður segir Sæmundur að töluvert hafi verið um töfu

á svæðinu í sumar þegar varpið stóð sem hæst en hann hafi ekki orðið var við hana undanfarið. „Hún hefur ekki verið fjær dyrunum en þrjá metra. Þegar ég kannaði köttinn nánar sá ég að það var blóð á honum svo þeim hefur lent eitthvað saman en kisan haft betur“, segir Sæmundur.

STAKKUR SKRIFAR

Leið ehf., hefur skilað árangri

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Símapeningarnir hafa nú skilað sér og verið ráðstafað. Það er sérstakt gleðiefni að vegarlagning um Arnkötuldal og Gautsdal milli Steingrimsfjarðar og Gilsfjarðar skuli hafa fengið framlag að fjárhæð 800 milljónir króna af alls 66,7 milljarða söluhagnaði Símans. Vert er að hafa í huga að Leið ehf., hefur látið fara fram mikla undirbúningsvinnu vegna vegarlagningar á þessum stað. Málinu er nú svo langt komið að Skipulagsstofnun hefur veitt samþykki fyrir því að veginn megi leggja og auglýst kærufrest, vilji menn gera athugasemdir. Að sjálfsgöngu eru sett nokkur skilyrði um verndun vatns og náttúru, en það verður að teljast afar merkt framtak af hálfu einkaaðila, að leggja í þessa vinnu að eigin frumkvæði. Jónas Guðmundsson sýslumaður í Bolungarvík er mikill áhugamaður um þennan veg, sem kemur til með að verða mikil samgöngubót, bæði varðandi styttingu vegalengdar og ekki síður tíma, sem það tekur að fara eftir nýjum uppbyggðum vegi.

Sýslumaður hefur varið frístundum sínum vel í þágu almannahagsmuna og náð árangri sem eftir er tekið. Framtak Jónasar Guðmundssonar er til eftirbreytni fyrir þá sem hafa áhuga á því að láta gott af sér leiða. Að auki má draga þann lærdóm af því, að ekki þurfi alltaf stjórnálamenn til að koma góðum málum til leiðar. Framtak einstaklinga í þágu almennings er

virðingarvert. Vafalaust hefur Jónas látið talsvert af eigin fjármunum rakna til þessa verkefnis, sem hann hefur sinnt af mikilli kostgæfni og kynnt rækilega víða á Vestfjörðum.

Það er ánægjulegt að sjá drauma manna rætast með þessum hætti. Það var lengi svo, að sýslumenn höfðu um það forgöngu að koma góðum málum til leiðar með oddvitastörfum sínum í sýslunefndum og bæjarstjórnunum meðan sá háttur tíðkaðist. En í um það bil einn og hálfan áratug hafa þeir ekki komið að sveitarstjórnarmálum af hálfu embættisins sem þeir gegna. Þeir hafa því fengið á sig þann blæ að vera fyrst og fremst verðir ríkisins til þess að halda borgurum að löghlýðni, bæði vegna starfa sinna sem lögreglustjórar og innheimtumenn ríkissjóðs, en þeir hafa rúkað skattanna af almenningi af misjafnri hörku þó. Allt hefur þetta orðið til þess að margur úr hópi almennings hefur talið þá nokkuð fjarlægja sér og jafnvel að hagsmunir almennings og embættisins fari ekki saman. Jónas sýslumaður hefur væntanlega með framtaki sínu átt þátt í breyta þessu viðhorfi.

Jónasi er óskað til hamingju með framtakið og árangurinn. Telja má ólíklegt að svo miklu fé hefði verið veitt til vegarins hefði undirbúningi hefði ekki verið svo langt komið.

Áskrift að BB borgar sig!



Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211

Tilboð óskast

Tilboð óskast í bifreiðarnar:

MX-738 VW-Transpotter, 4x4, pick-up, árg. 1997.

DC-378 Nissan E-Cab, 4x4, pick-up, árg. 1996.

Bifreiðarnar sem eru til sýnis hjá Orkubú Vestfjarða í Syðridal í Bolungarvík seljast í því ástandi sem þær eru. Askilur seljandi sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboðum skal skila til innkaupstjóra OV, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 5. október nk.

Orkubú Vestfjarða
– beislað náttúruafl



Tilboð 588
50%
skilur á kassa
Væð áhr 1.198 kr/kg
Kambingarnök

Tilboð 395
35%
skilur á kassa
Væð áhr 598 kr/kg
Kambingur heil ferskur
kollaga

Tilboð 395
30%
skilur á kassa
Væð áhr 573 kr/kg
Gull merkið lamm

Góður kostur!

Tilboð 29. sept - 2. okt.

Tilboð 188
33%
skilur á kassa
Væð áhr 148 kr/kg
Fiskur með smökku

Tilboð 191
30%
skilur á kassa
Væð áhr 148 kr
Smökku 1 stk

Tilboð 141
33%
skilur á kassa
Væð áhr 88 kr/kg
Kambingur heil smökku

Tilboð 119
30%
skilur á kassa
Væð áhr 328 kr
Krossar Carder 800g 250g

Tilboð 361
30%
skilur á kassa
Væð áhr 572 kr
Krossar Carder 400g

Tilboð
199 kr
Væð áhr 249
Ferskur mörk
áhr 200g

Tilboð
20%
skilur á kassa
Væð áhr smökkuð lamm

Tilboð
99 kr
Væð áhr 118
Ferskur fiskur á gress

Tilboð
99 kr/kg
Væð áhr 130
Ferskur fiskur

Tilboð
79 kr
Væð áhr 128
Ferskur fiskur
áhr 300g

Tilboð
99 kr
Væð áhr 118
Ferskur fiskur

Tilboð
99 kr
Væð áhr 118
Ferskur fiskur
áhr 300g

PEPSI OG PEPSI MAX

DORITOS

Tilboð
150 kr
Væð áhr 173
Ferskur fiskur
áhr 300g

Samkaup úrval

Þessi tilboð eru gildandi frá miðvikudagum 29. september til miðvikudagum 2. október 2005. Tilboðin eru gildin þar til forráð er. Þessi tilboð eru gildin þar til forráð er. Þessi tilboð eru gildin þar til forráð er.

mannlífid

Abendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
28. sept., 273. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1943 gáfu Haraldur Böðvarsson og kona hans, Akraneskaupstað nýbyggt kvikmynda- og hljómleikahús sem tók 377 manns í sæti..

Pennan dag árið 1988 tók ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sú önnur undir forsæti hans, við völdum. Að stjórninni stóðu Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag. Rúmu ári síðar bættist Borgaraflokkurinn við og stjórnin sat til aprílloka 1991.

Pennan dag árið 1988 var minnisvarði um Ragnar H. Ragnar (1898-1987) afhjúpaður á Ísafirði, en þennan dag hefði Ragnar orðið nírfæður. Ragnar H. var skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar í 36 ár.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 65 árum



Breski flotinn vill loftskeyta-tæki úr íslenskum togurum

Eins og kunnugt er standa yfir samningar milli íslensku stjórnarinnar og bresku stjórnarinnar um loftskeytatæki í íslenskum fiskiskipum og notkun þeirra.

Íslenska ríkisstjórnin gerir vitanlega allt sem í hennar valdi stendur að fylgja málinu eins fast fram og frekast er unnt, til þess að sjómenn fái framvegis sem hingað til notið þess öryggis og þeirrar aðstoðar, sem loftskeytatækin geta veitt.

Það eru ekki einasta sjómennirnir sjálfir og aðstandendur þeirra, heldur öll þjóðin sem einn maður, er óskar þess heitt og eindregið að þessi tæki fái að vera í notkun í skipunum, ekki síst nú, þegar ofan á ófriðarhættuna bættist vetrarmyrkríð.[...]

Nokkur skip eru komin hingað frá Englandi loftskeytatækjalaus, og voru tækin tekin úr skipunum samkvæmt skipun flotamálaráðuneytisins.

● Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Snýst í austanátt og fer að rigna sunnanlands seinni partinn. Hlýnandi veður.

Horfur á föstudag:

Norðanátt og væta, en þurrt að kalla suðvestantil. Hiti 2 til 8 stig.

Horfur á laugardag:

Hægviðri og víða bjart veður, en gengur í sunnanátt með rigningu síðdegis, fyrst vestanlands.

Horfur á sunnudag:

Vestlæg átt og skúrur eða él, en bjartviðri austanlands.

● Spurning vikunnar

Er það sveitarfélögum á Vestfjörðum til góðs að reka Fjórðungssamband?

Alls svöruðu 502. – Já sögðu 198 eða 39% – Nei sögðu 176 eða 35% – Veit ekki sögðu 128 eða 26%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? • Sigurbór Hallbjörnsson (Spessi) ljósmyndari

Keyrt á Harley Davidson inn í stofu

„Áf mér eru þau stórtíðindi að segja frá að ég var að kaupa mér Harley Davidson mótörhjul. Það stóð alltaf til að kaupa mér Harley Davidson en ég átti tvö japönsk hjól áður sem voru svona hálfgerðir „chopperar“. Fyrir fimmtán ára ákvað ég að hætta með mótörhjul þar til ég væri búinn að fá

mér Harley Davidson. Draumurinn var að búa í verksmíðjuhúsnæði og geta keyrt á hjólinu beint inn í stofu. Ég hef búið í slíku húsnæði í fimm ár núna en var að selja og er að fara flytja í venjulegt hús svo ég varð að drífa það af að kaupa Harley Davidson. Það er nauðsynlegt að láta

draumana rætast. Að standa við þau loforð sem maður gefur sjálfum sér.

Ég er að flytja úr Kópavoginum yfir í Reykjavík. Ég er líka að vinna að nýrri bók sem ég býst við að komi út í febrúar. Hún gengur undir vinnuheitinu „Location“ og ætli það verði ekki titillinn.“



Hópurinn frá Veraldarvinum ásamt Sæmundi Þorvaldssyni í lokahófinu. Myndir: Þorsteinn J. Tómasson.

Veraldarvinir kvaddir á Þingeyri

Hópur sjálfbóðaliða frá samtökunum Veraldarvinum starfaði í Dýrafirði nú í lok sumars. Þeir unnu ýmis störf fyrir Skógræktarfélag Dýrafjarðar og hjálpuðu einnig til á víkingasvæðinu sem verið er að byggja upp á Þingeyrarodda. Þingeyringar tóku erlendu gestunum vel og héldu þeim lokahóf áður en þeir sneru til síns heima til að þakka þeim fyrir vel unnin störf.

„Nokkrir bæjarbúar komu saman og boðuðu til lokahófs til að þakka ungmennunum fyrir alþjóðlegt kvöld sem þeir buðu Dýrafirðingum til á meðan dvöl þeirra hér stóð. Uppá koman var einnig leið Þingeyringa til að þakka sjálfbóðaliðunum fyrir störf þeirra. Kvöldið lánaðist ágætlega. Fjöldi manns kom til að kveðja ungmennin og það var sungið, spilað og sprellað“, segir Sæmundur Þorvaldsson, hjá Skjólskógum á Þingeyri sem kynntist ungmennunum í gegnum störf þeirra.

„Þau dvöldu í Dýrafirði í hálfan mánuð og virtust mjög ánægð. Þetta var góður og duglegur hópur sem lét sér ekki



Í kveðjuhöfinu var sungið og sprellað.

leiðast. Þau fóru t.d. í skoðunarferðir um allt svæðið. Starf samtakanna snýst ekki eingöngu um að vernda náttúruna heldur einnig að þátttakendurnir kynnist því samfélagi sem þeir heimsækja. Þannig kynnst þeir ólífri menningu og oft kynþáttum.“

Samtökin Veraldarvinir buðu upp á vinnubúðir í yfir 120 löndum um allan heim í

sumar. Auk Íslands gátu veraldarvinir farið meðal annars í vinnubúðir til Grikklands þar sem unnið var að endurgerð forna mannvirkja og hlúð að verndun skjaldbaka í Costa Rica. Markmið samtakanna er að senda ungmenni frá 16-20 ára aldri víðs vegar um heim til að vinna að hverju því sem fellur undir umhverfismál. Þannig gefst þátttakendum

tækifæri á til að láta gott af sé leiða um leið og þau kynnst nýjum löndum. Vinnubúðirnar eru starfræktar í samstarfi við ríki, sveitarfélög, frjáls félagsamtök og fyrirtæki. Þá heim sóttu þrjár aðrir hópar frá Veraldarvinum norðanverða Vestfirði og störfuðu á Ísafirði, Flateyri og Bolungarvík. Einnig var hópur á vegum samtakanna í Súðavík síðasta sumar.

● Uppáhaldsstaðurinn · Margrét Geirsdóttir, nemi í félagsráðgjöf á Ísafirði

Ekkert er fegurra en kvöld á Nauteyri

„Það er svo afstætt hvað er fallett og fallegast. Óhjákvæmilegt er að það tengist tilfinningum og því ætla ég að segja að Nauteyri við Ísafjarðardjúp sé uppáhaldsstaðurinn minn. Ekkert er eins fallett og kvöld á Nauteyri þegar sólin skín yst í Djúpinu og slær gullnum bjarma yfir allt Ísafjarð-



ardjúp. Þetta er uppeldisstaður móður minnar. Fjölskyldan eigum þar nýjan sumarhúsað sem við skiptumst á að dvelja í yfir sumarið. Við hittumst svo þar öll hverja Verslunarmannahelgi, styrkjum fjölskylduböndin og eigum þar ómetanlegar stundir saman, sagði Margrét.“



● Vestfirskar þjóðsögur · Gísli Hjartarson

Kattafár á Ströndum

Fyrir allmörgum árum var svo komið hjá Jósep bónda Rósinkarssyni í Fjarðarhorni í Hrutafirði, að köttum hafði fjölgað mikið á bænum og voru þeir orðnir svo margir að til vandræða horfði.

Loksins brá Jósep á það ráð að fá Jón Jónsson bónda á Melum til að hjálpa sér að lóga köttunum. Strákur nokkur var í sveit hjá Jósep og var hann settur í það verk að taka gróf fyrir kattahræin. Þegar strákur hafði grafið góða stund kallaði hann:

Hvenær er fullgrafið, Jósep?

Tveggja alda gamall leikur

Drekktu betur kallast spurningaleikur sem hefur átt miklum vinsældum að fagna í ölhúsum á Ísafirði á undanförmum misserum. Spurt er út úr hagnýtum jafnt sem gagnslausum fróðleik. Tveir og tveir eru saman í liði og þeir sem best svara fá ölkassa að launum. Keppnin styðst við fyrirmynd frá kránni Grand rokk í Reykjavík en þaðan er formið sótt til svokallaðra Pub quiz sem tíðkast víða á Bretlandseyjum. En hvernig kom það til að leikurinn var tekinn upp á Ísafirði?

„Pub quiz tveggja alda gamall leikur sem byrjaði á krám á Írlandi. Hann var haldið á föstudagi strax að vinnudegi loknum. Spurningum og svörum var haldið til haga og var það fyrsti vísir að heimsmetabók Guinness“, segir Páll Ernisson annar stofnandi leiksins á Ísafirði.

„Ég og Pétur Magnússon tókum alltaf þátt í keppninni á Grand rokk og höfðum gaman af. Síðan fluttum við báðir til Ísafjarðar og okkur fannst tilvalið að taka upp keppnina þar. Við breyttum því nafninu úr Pub quiz í Drekktu betur sem er gamalt slagorð Mjólkursamlagsins. Það var tekið ágætlega í þessa hugmynd okkar en fólk vissi eiginlega ekkert hvað þetta var eða út á hvað keppnin gekk. Við reyndum að útskýra fyrir þeim að það væri ekki bara setið og svarað heldur væri óskrað og rifist við dómaraman. Við vorum því háværastir á hverju kvöldi í þágu leiksins.

Keppnin hefur gengið upp og niður en náð ágætis vinsældum. Fyrst fór hún fram í Sjallanum en við teljum það til bóta að leikurinn var síðan færður yfir á Langa Manga. Það er meira í stíl við leikinn að allir á staðnum geti tekið þátt en ekki bara á afmörkuðum hluta eins og var. Nú er keppnin komin úr höndum okkar Péturs og Guðrún Sigurðardóttir, Sigríður Ásgeirsdóttir og Eygló Jónsdóttir hafa tekið við. Leikurinn er samt ennþá barnið okkar en eins og svo oft þarf menn til að koma einhverju af stað og svo aðra til að reka það, sagði Páll Ernisson.



Páll Ernisson með kaffibollann.

● Brennslan mín · Karl Jónsson, innkaupastjóri hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ

Minningarnar lifa að eilífu

Þessi lög sem ég hef valið endurspeglar fjölbreyttan tónlistarsmekk minn í gegnum tíðina. Flest þeirra eru frá níunda áratugnum sem var, þrátt fyrir að allir séu ekki sammála því, ansi frjór tónlistaráratugur þó hin týpíska „80's“ tónlist hafi nú ekki fallið í kramið hjá öllum. En það frábæra við tónlist er að minningarnar lifa með henni að eilífu.

1. Wonderland – Big Country

Big Country var í mjög miklu uppáhaldi hjá mér sérstaklega snemma á 9. áratugnum. Frábær rokksveit og gríðarlegur kraftur. Af allmörgum góðum lögum vel ég þetta. Frábær trommuleikur hjá Mark Brzezicki. Stuart Adamson aðalsprautu hljómsveitarinnar lést langt fyrir aldur fram 16. desember 2001 og þar með lagði hljómsveitin upp laupana að mestu. Mikill sorgardagur.

2. Shine on your crazy

diamond – Pink Floyd
Gæti tínt til mörg lög með þessari frábæru sveit. Fór ekki að fíla þá fyrir en mér áskotnuðust tónleikar með þeim „Delicate sound of thunder“. Hreint út sagt frábær tónleikahljómsveit og „sjóíð“ gerist ekki stærra og meira.

3. In a lifetime – Clannad

Írsk þjóðlagarokksveit sem átti nokkra smelli hér á níunda áratugnum. Í þessu lagi ljær Bono þeim rödd sína. Rosalega flott lag sem ég hlusta oft á enn þann dag í dag.

4. Jump – Van Halen

Þeir Van Halen bræður og félagar hafa ávallt verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Það var áfall þegar David Lee Roth yfirgef sveitina í fússi en Sammy Hagar tókst ótrúlega vel að fylla skóna hans þegar á leið. Auk þess að vera frábær gítarleikari líka. Þeir eru enn að og fóru í „80 borga“ tónleikatúr á síðasta ári. Núna er það Gary Cherone úr Extreme sem syngur með þeim. En eins og svo

margt annað, eru þeir ekki eins góðir og áður fyrr.

5. A brief case – SAGA

Kanadískir rokkarar sem áttu alveg frábæra tónleikaplötu sem hét In Transit. Toppspil-arar í öllum stöðum og samspil-ið frábært. Þetta er trommusól sem trommarinn Steve Negus og söngvarinn Michael Sadler spiluðu. Michael spilað það úr skjalatösku sem í voru einhverjir trommupaddar. Þetta var algjör snilld, allavega á þeim tíma.

6. Ást við fyrstu sýn – Friðrik Ómar og Regína Ósk

Lag sem tengir okkur Guð-nýju eiginkonu mína ótrúlega vel saman. Er okkar lag ef svo má segja, enda segir það svo margt sem við upplifðum frá því við kynntumst.

7. Mary's Prayer – Danny Wilson

Þetta lag er mjög ofarlega í mínum huga. Þeir Gary Clark og félagar í hljómsveitinni Danny Wilson slógu rækilega í gegn með þessu lagi, gáfu út

ad mig minnir fjórar plötur í viðbót sem ekki náðu eins mikilli hylli og sú fyrsta. Gary Clark er núna að sólóast m.a. með Ricky Cross úr Deacon Blue sem einhverjir kannast kannski við. Þetta lag var mikið spilað í Herramönnum hér um árið og var valið sem eitt af lögnum í „kombakkinu“ okkar á Players í mars 2003.

8. Leave right now – Will Young

Þetta lag var mikið spilað um það leyti sem ég kynntist eiginkonu minni á síðasta ári og minnir um ókomna tíð á þann tíma. Textinn á að vísu alls ekki við um þau kynni, er heldur í hina áttina, en engu að síður vel heppnuð laglína og góð „pródúsering“ á laginu.

9. Appetite – Prefab Sprout

Prefab Sprout var alveg frábær hljómsveit að mínu mati. Hún var mjög sérstök og frumleg og erfitt að skilgreina tónlistina sem þau spiluðu. Paddy McAloon var aðalmaðurinn þarna. Þetta lag er af plötunni Steve McQueen en líklega var



Karl Jónsson.

From Langley Park to Memphis vinsælasta platan með þeim hérna með lögum eins og Cars and girls og King of rock'n roll.

10. A little time – Beautiful south

Slagurinn var harður um tíunda lagið en ég held að þetta hafi vinninginn. Mjög skemmtileg hljómsveit, frumleg á köflum og góðar laglínur sungnar af Paul Heaton að mestu leyti.

● Stuttar fréttir

Leikhúsið í Herkatalann

Kómedíuleikhúsið hefur fengið aðsetur í sal í gamla Herkatalanum á Ísafirði. Leikhúsið samnýtir rýmið með Stúdíó Dan sem kennir jóga í salnum. Að því er fram kemur á vef Kómedíuleikhússins verður salurinn nýttur fyrst og fremst til æfinga og sem geymsla fyrir leikmyndir og aðra muni sem tilheyra leikhúsinu. Þó er ekki ólíklegt að Kómedíuleikhúsið muni sýna leiki sína í salnum í framtíðinni en salurinn tekur um 40 manns í sæti.

Gestakennari frá Danmörku

Karin Røholm gestakennari frá Danmörku mun starfa í grunnskólum Ísafjarðarbæjar á þessari haustönn. Verkefnið er kostað af danska menntamálaráðuneytinu til eflingar tungumálinu á Íslandi og eru tveir kennarar samtímis á landinu í einu á mismunandi stöðum. Að því er fram kemur á vef Grunnskólans á Ísafirði er markmiðið að efla áhuga nemenda á dönsku og styðja við bakið á dönskukennslunni.

Smáauglýsingar

Til sölu nagladekk VW ventel. Uppl. í síma 456 4046.

Til sölu 3ja herbergja íbúð á Skólástíg 19 neðri hæð Bolungarvík. Uppl. í síma 462 7499 eða 845 7399.

175/80 14" negld vetrardekk á 5 gata felgum undan WV golf. Kopparfyllgja. Verðhugmynd 35 þús kr. : 695 3636.

Gullarmbandsúr tapaðist sl. föstudag. Finnandi vinsamlega hafi samband við Möggu í síma 456 3432 861 3432.

Til sölu er Subaru Legacy station, árg. 1993, ekin 259.000 km. Nýskoðaður. Góður bíll á góðu verði. Verð 100.000 kr. Uppl. í síma 8921691.

Óska eftir kettlingi til sölu. Uppl. í síma 847 0131.

Get tekið fellihýsi og tjaldvagn í geymslu í vetur frá 1. október til 15 maí. Upphitað húsnæði. Uppl. í síma 867 2337.

MMC Montero (Pajero) árg. 1991 til sölu. Head-pakkning barnast viðgerðar. Aðalskóðun án athugasemda í sept. 2005. Nánari uppl. í síma 898-6762"

Til sölu fjögur nagladekk undir Subaru Legacy. Uppl. í síma 456 4174.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINNS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu



PÓSTURINN

allur pakkinn

Hrafinkelssaga Freysgoða í Hömrum

Stoppleikhópurinn sýnir leikritið Hrafinkelssaga Freysgoða í Hömrum kl. 20 annað kvöld. Leikurinn er eftir Valgeir Skagfjörð sem einnig leikstýrir. Leikarar eru Eggert Kaaber og Sigurþór Albert Heimisson. Hægt er að panta miða í síma 891-7025.

Hrafinkelssaga Freysgoða er ein af þekktustu Íslendingasögnum og segir frá því þegar Hrafnkell Freysgoði drepur

Einar Þorbjarnarson smala-mann fyrir þá sök að ríða hestinum Freyfaxa í leyfisleysi. Í kjölfarið stefnir Sámur Bjarnarson Hrafnkeli fyrir vígið og dregur það mál dilk á eftir sér. Leiksýningin er ætluð ungmennum í efstu bekkjum grunnskóla og nemum á framhaldsskólastigi.

Miðasala fer fram í Hömrum á sýningardag frá kl. 19:30.

– thelma@bb.is



Gunnlaugur kosinn formaður Eldingar



Gunnlaugur Finnbogason.

Elding, félag smábátaeigenda á norðanverðum Vestfjörðum, hélt aðalfund sinn á Hótel Ísafirði í gær. Eins og kom fram á bb.is fyrir helgi gaf formaðurinn Hálfván Kristjánsson á Flateyri ekki kost á sér til endurkjörs, en í hans stað var kosinn Ísfirðingurinn Gunnlaugur Á. Finnbogason. Gunnlaugur segir formannsstarfið leggja vel í sig, og fundurinn hafi annars farið stórtúndalast fram.

– eirikur@bb.is

Grunnskólabörn á Þingeyri hlupu 230 km

Nemendur Grunnskólans á Þingeyri hlupu alls 230 km í skólahlaupi GP á föstudag. Nemendur voru allir ræstir af stað saman kl. 10:30 við kirkjuna og þaðan var hlaupið eftir gangstéttum bæjarins áleiðis inn fjörðinn. Veðrið var mjög gott þó færið hefði mátt vera betri. Eftir hlaupið stóð nemendum til boða að fara í sund.

Nemendur í 1.-4. bekk hlupu 2,5 km og fóru þar með sigur af hólmi Patrekur

í. Steinarsson og Jóhanna J. Steinsdóttir. Nemendur í 5.-10. bekk hlupu 5 km þar sem Guðbjartur S. Konráðsson og Klara A. Birgisdóttir voru hraðskreiðust. Nemendur í 8.-10. bekk gátu valið að hlaupa 10 km og þar sigruðu Ólafur A. Steinhórnsson og Dýrleif H. Sigmundsdóttir. Sigurvegararnir hlutu verðlaunapening og farandbikar til varðveislu.

– thelma@bb.is

Veiði á rækju og þorski dregst saman á meðan veiði á ýsu og steinbít eykst

Samkvæmt nýrri skýrslu frá Hagstofu Íslands hefur rækjuveiði á Vestfjörðum dregist saman um tæp 67 prósent á einu ári, miðað við heildarfla fyrstu sex mánuði síðustu tveggja ára. Frá janúar út júní árið 2004 veiddust 2.567 tonn af rækju, en á sama tímabili í ár veiddust aðeins 856 tonn. Verðmæti aflans var 230 milljónir og 959 þúsund fyrri hluta ársins 2004, miðað við

64 milljónir og 190 þúsund fyrri hluta árs 2005, og dregst verðmæti aflans því meira saman en aflinn sjálfur eða um rúm 72 prósent. Aflaverðmæti rækju á landinu öllu dróst saman um 74 prósent.

Þorskeiðar drögust sömu leiðis saman, en veidd tonn fyrri hluta árs 2004 voru 14.148, á miðað við 11.732 tonn af ýsu, en á sama tímabili í ár veiddust um 17 prósent.

Verðmæti þorskaflans fyrri hluta árs 2004 voru 1.463 milljónir, miðað við 1.197 milljónir á sama tímabili árið áður. Það er samdráttur um 18 prósent. Á landinu öllu var samdráttur á verðmæti þorskaflans 10,8 prósent.

Veiðar á ýsu og steinbít jukust nokkuð milli ára. Fyrri hluta árs 2004 veiddust 2.621 tonn af ýsu, en á sama tímabili í ár veiddust 3.665 tonn.

Verðmæti aflans fyrri hluta árs 2004 var 155 milljónir miðað við 221 milljón í ár, sem er aukning á aflaverðmæti um 43 prósent. Fyrri hluta árs 2004 veiddust 2.884 tonn af steinbít en 3.665 tonn á sama tímabili í ár. Aflaverðmæti steinbíts var 172 milljónir fyrri hluta árs 2004, en 199 milljónir fyrri hluta árs 2005, sem er aukning um 15,6 prósent.

– eirikur@bb.is



Flutningaskipið Jaxlinn.

Flutningakostnaður og samgöngur neikvæðustu áhrifin á fyrirtækjarekstur

Flutningskostnaður og samgöngur hafa neikvæðustu áhrifin í rekstri fyrirtækja í Ísafjarðarbæ að mati 31% atvinnurekenda. Þetta kemur

fram í atvinnulífsskönnun Ísafjarðarbæjar. Er það nærri tvöfalt hærra hlutfall en í samsvarandi könnun sem gerð var 2003.

Þá svöruðu 11% að skortur á sérhæfðu starfsfólki væri neikvæðastur og sama hlutfall sagði að aðgengi að fjármagni væri neikvæðasti þátturinn.

9% sögðu það vera gengisþróun, 9% opinber gjöld og álögur og 31% svöruðu að aðrir þættir hefði neikvæðustu áhrif.

– thelma@bb.is